SKOÐUN Margrét Jónsdóttir spyr hvers vegna Hjörleifur Guttormsson hatast við lúpínu. **17**

MENNING Bókin Paintings, með verkum Eggerts Pétursonar, verður seld í Anthropology. **34**

SPORT Guðmundur Sverrisson náði mögnuðu kasti yfir 80 metra. Lengsta kast í tvo áratugi. **30**

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Miðvikudagur
31. júlí 2013
178. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

FRÉTTIR

Vilja fá að skjóta álftir

Repjubændur við Hornafjörð segja ræktuninni sjálfhætt fái þeir ekki undanþágu til að skjóta friðaðar álftir sem leggist á akra. **6**

Gaf tæki í þakklætisskyni Dóttir Skúla Eggerts Sigurz gaf gjörgæsludeild Landspítalans tæki að andvirði tveggja milljóna. **2**

Sér eftir öllu saman Fyrrverandi talsmaður danskra múslima sér eftir viðbrögðum sínum við skopmyndamálinu árið 2005. **6**

Enginn vill nasista Ekkert ríki vill taka við fjórum háöldruðum nasistum sem hafa verið gerðir brottrækir frá Bandaríkjunum. **10**

16

Bolungarvík	11°	NA	7
Akureyri	10°	NNA	4
Egilsstaðir	11°	NV	5
Kirkjubæjarkl.	16°	N	1
Reykjavík	17°	NNA	6

Bjart eða bjart með köflum sunnan- og vestanlands en rigning norðaustan til. Strekkingur með A-ströndinni en annars fremur hægur vindur. Hiti 8 til 20 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Stöð 2 | Fólk

Finna ekki mansal í borginni

Lögregla segir engar vísbendingar um mansal hafa komið fram í um 100 vændismálum sem tekin hafi verið til skoðunar. Passar ekki við upplifun Stígamóta segir talskona. Fimm konur sögðust fórnarlömb mansals í fyrra.

LÖGREGLUMÁL Engar vísbendingar hafa komið fram í um 100 vændismálum, sem lögregla höfuðborgarsvæðisins hefur tekið til skoðunar, um að vændiskonur sem hér starfi séu fórnarlömb mansals.

Þetta kemur fram í skýrslu ríkislögreglustjóra um skipulagða glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum sem kom út í gær.

Í skýrslunni segir að rannsóknir lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu haustið og veturinn 2012 hafi ekki leitt í ljós að mansal færi fram í umdæminu. Sama sé að segja um rannsóknir á vændi í umdæminu.

„Í um 100 málum sem til skoðunar hafa verið hafa ekki komið fram vísbendingar um að vændiskonur sem hér starfa séu fórnarlömb mansals," segir í skýrslunni.

Þar er þó tekið fram að grunur leiki á að mansal „kunni að fara fram" hér á landi, einkum á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjunum.

GUÐRÚN JÓNSDÓTTR

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, segist ekki geta tekið undir lýsingar. „Það er alveg ljóst að það hafa komið upp þó nokkur mál sem talin eru tengjast mansali, þó það hafi reynst erfitt að sanna það," segir Guðrún.

Hún bendir á að átta erlendar konur hafi dvalið í Kristínarhúsi í fyrra sem tengja megi við mansal. Fimm konur hafi sjálfar staðfest að þær hafi verið fórnarlömb mansals, og að þær hafi verið sendar hingað í vændi. Þá hafi opinbera aðila grunað að þrjár til viðbótar hafi verið fórnarlömb mansals.

„Mér hefði þótt eðlilegra að tala um að ekki séu staðfest dæmi um mansal," segir Guðrún. „Hjá okkur hafa dvalið konur vegna þess að það hafa verið taldar þó nokkrar líkur á að þær hafi verið fórnarlömb mansals."

- bj

Varasamir aðstoðarmenn hælisleitenda

Flóttamenn sem sækja um hæli hér á landi geta verið útsettir fyrir misneytingu og ógnum af hálfu fólks sem gefur sig út fyrir að aðstoða þá við ýmis mál, segir í skýrslu ríkislögreglustjóra.

Í skýrslunni segir að dæmi séu um slíka varasama aðstoðarmenn hér á landi, gjarnan fólk sem hafi haldið til hér á landi í lengri eða skemmri tíma. Þiggi hælisleitendur aðstoð geti skapast fjárhagsleg skuldbinding. Þekkt sé að erlendis hafi slíkar skuldbindingar gjarnan í för með sér misneytingu ýmiss konar og ógnir gagnvart hælisleitendum, og jafnvel gegn ættingjum þeirra í föðurlandinu.



FRUMSÝNINGARGLEÐI Fjölskylda Baltasars fylgdi honum á frumsýninguna. Á rauða dreglinum stillti hann sér upp ásamt eiginkonu sinni Lilju Pálmadóttur, elsta syni sínum Baltasar Breka og yngri börnum sínum þremur, þeim Pálma Kormáki, Stormi Jóni, Sóllilju og dóttur Lilju úr fyrra hjónabandi, Stellu Rín Bieltvedt. NORDICPHOTOS/AFP

2 Guns frumsýnd í gær:

Mynd Baltasars fær fína dóma

MENNING **Baltasar Kormákur kann augljóslega betur á hasarmyndaformið en flestir aðrir ef marka má gagnrýni hins þekkta kvikmyndatímarits Variety.**

Gagnrýnandi þaðan var hæstánægður með nýjustu mynd Baltasars, 2 Guns, og sömuleiðis gagnrýnandi The Hollywood Reporter. Þar er samspili aðalleikaranna, þeirra Denzel Washington og Mark Wahlberg, hrósað og kvikmyndasíðan Hollywood and Fine segir myndina halda athygli allan tímann. Tímaritið Time Out er ekki sammála þessu og segir myndina renna út í sandinn og gagnrýnandi Village Voice var ekki nógu hrifinn.

Virðast flestir gagnrýnenda sammála um að söguþráðurinn vindi mikið uppá sig og sé flókinn, en ekki eru allir á sama máli um ágæti þess.

Baltasar Kormákur frumsýndi myndina í fyrrakvöld í New York en hún skartar þeim Denzel Washington og Mark Wahlberg í aðalhlutverkum. -nej

Bradley Manning sýknaður af ákæru um að aðstoða óvini Bandaríkjanna:

„Sigur fyrir upplýsingafrelsið"

BANDARÍKIN Bandaríski uppljóstrarinn Bradley Manning var í gær sýknaður af ákæru um að hafa aðstoðað óvini Bandaríkjamanna. Manning lak hátt í 750 þúsund leyniskjölum til WikiLeaks á árunum 2009 til 2010. Hann hefur verið í gæsluvarðhaldi í þrjú ár. Ákæran á hendur honum var í 22 liðum. Hann var fundinn sekur í tuttugu ákæruatriðum og á yfir höfði sér 136 ára fangelsisdóm.

Stuðningsmenn Mannings söfnuðust saman á Kaffi Reykjavík til að fylgjast með dómsuppkvaðningunni. Mikil fagnaðarlæti brutust þegar niðurstaðan lá fyrir.

„Þetta er mikill sigur fyrir upplýsingafrelsið," segir Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata. „Ég eiginlega trúi þessu ekki. Við þorðum ekki að vona að hann yrði sýknaður."

Manning hefði þurft að dúsa bak við lás og slá það sem eftir er hefði hann verið fundinn sekur um að hafa hjálpað óvinum Bandaríkjanna.

Gögnin sem Manning lak til WikiLeaks vörpuðu ljósi á leynilegar hernaðaráætlanir Bandaríkjahers í Írak og Afganistan en vörðuðu einnig milliríkjasamskipti hinna ýmsu þjóða, þar á meðal Ísland. - khn / sjá síðu 4

SAKFELLDUR FYRIR FLEST Manning var sakfelldur í 20 ákæruliðum af 22.

➜ Refsing yfir Manning hefur ekki verið ákveðin. Búist er við að það verði gert í dag.



SPURNING DAGSINS

Jósef, er Elvis enn í byggingunni?

„Já, á búgarðinum sem pabbi hans átti rétt hjá Graceland.“

Jósef Ólason er fremsti aðdáandi Elvis Presley á Íslandi og formaður aðdáendaklúbbsins sem heldur samkomu á meintu dánardægri kóngsins hinn 16. ágúst.

Flest slys verða við bestu aðstæður, segir stjórnarmaður í Vélsleðafélaginu um banaslysið á Langjökli:

Lögregla rannsakar ástand vélsleðans

SLYS Rannsóknardeild lögreglunnar á Selfossi rannsakar tildrög banaslyssins sem varð á Langjökli í fyrradag. Í tilkynningu sem lögreglan á Selfossi sendi frá sér í gær segir að rannsóknin beinist meðal annars að því hvort búnaður sleðans hafi verið í lagi.

Maðurinn, sem hét Jin Jee Dzan, var ásamt konu sinni í skipulagðri vélsleðaferð þar sem leiðsögumaður fer fyrir hópnum og leiðir hann afmarkaða leið. Ökuhraðinn á þessum brautum er einungis tíu til fimmtán kílómetrar á klukkustund. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær var maðurinn ekki með ökuréttindi og var því á sleðanum í óleyfi. Í tilkynningu frá lögreglu segir að allt hafi verið með eðlilegu móti fyrst í stað en svo hafi maðurinn aukið hraðann umtalsvert og við það kastaðist konan af sleðanum. Maðurinn missti svo stjórn á sleðanum sem valt að minnsta kosti tvær veltur. Konan ökklabrotnaði og hlaut skrámur í andliti og víðar.

Björn Traustason, stjórnarmaður í Landssambandi íslenskra vélsleðamanna, segir að Langjökull sé einn öruggasti staðurinn til ferða sem þessara. „En það er einmitt við bestu aðstæður sem flestu slysin verða,“ segir hann „Þá er tilhneigingin mest til að yfirgefa halarófuna og gefa í sem síðan getur leitt menn í aðstæður sem þeir ráða ekki við.“ Hann segir einnig að fyrirtækið Fjallamenn standi vel að þessum ferðum og fari að öllu með gát.

- jse

SNÆVI PAKINN Stjórnarmaður í Landssambandi íslenskra vélsleðamanna segir flest slysin verða við bestur aðstæður.

MYND/HÁVARÐUR OLGEIRSSON

FRANCISCO JOSÉ GARZÓN AMO Var á tali við starfsfólk lestarfyrirtækisins.

NORDICPHOTOS/AFP

Svarti kassinn upplýsir:

Lestarstjórinn var í símanum

SPÁNN Upplýsingar úr svarta kassa hraðlestarinnar, sem fór út af teinunum fyrir helgi, sýna að Francisco José Garzón Amo lestarstjóri var í símanum þegar hann ók lestinni allt of hratt í hættulega beygju.

Af svarta kassanum sést einnig að lestin var á 192 kílómetra hraða þegar slysið varð skammt frá Santiago de Compostela á norðvesturhorni Spánar, en leyfilegur hámarkshraði á þessum stað er 80 kílómetrar á klukkustund. Lestarstjórinn er grunaður um manndráp af gáleysi, en hefur enn ekki verið formlega ákærður. Slysið varð 79 manns að bana og tugir særðust að auki. - gb

Fella skóg fyrir varnargarð:

Búið að meta tjón á skógrækt

SKÓGRÆKT Búið er að meta tjón á skógrækt sem fjarlægð verður vegna ofanflóðavarnargarðs við Skutulsfjörð. „Skógræktarfélagið fær eingreiðslu fyrir raskið og er í sjálfsvald sett hvað það gerir við peningana,“ sagði Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðar, við fréttavefinn BB. Matssamningurinn er sanngjarn fyrir báða aðila.

Gísli Eiríksson, formaður Skógræktarfélags Ísafjarðar, vildi ekki tjá sig um málið fyrr en því væri að fullu lokið. - nej

Varð fyrir lítilsháttar eitrun:

Fannst í lest án meðvitundar

SLYS Starfsmaður fannst meðvitundarlaus í skipalest í Slippnum við Mýrargötu í Reykjavík um klukkan tvö í gær. Var þá þegar kallað á sjúkrabíl sem flutti manninn á Landspítalann.

Varð hann fyrir eitrun en til mikillar mildi reyndist hún þó ekki vera eins mikil og óttast var í upphafi. Að sögn læknis var líðan hans stöðug í gærkvöldi og var hann þá þar til eftirlits og stutt í að hann yrði útskrifaður. - jse

ÁTÖK Pakistanskir lögregluþjónar standa vörð við fangelsið í Dera Ismail Khan.

NORDICPHOTOS/AFP

Frelsaðir úr fangelsi:

25 hryðjuverkamenn sluppu

PAKISTAN, AP Vígamenn talibana í Pakistan gerðu mikið áhlaup á fangelsi í bænum Dera Ismail Khan í norðvesturhluta landsins í fyrrinótt og frelsuðu þaðan um 250 fanga, þar á meðal 25 manns sem yfirvöld segja „hættulega hryðjuverkamenn“.

Sex lögregluþjónar, sex fangar úr hópi sjíta-múslima og tveir almennir borgarar létu lífið í árásinni, en talibanarnir voru um 70 talsins og vopnaðir byssum og sprengjum. Talibanar gengust við árásinni, sem stóð í um fjóra og hálfa klukkustund, og sagði talsmaður þeirra að átta liðsmenn þeirra hefðu verið búnir sprengjuvestum og tveir hafi sprengt sig í loft upp. - þj

RAUSNARLEG GJÖF Starfsfólk gjörgæsludeildarinnar ásamt Margréti, sem stendur við hlið föður síns. Þykir það læknisfræðilegt afrek að tekist hafi að bjarga honum.

Færði gjörgæslu LSH tæki í þakklætisskyni

Margrét Skúladóttir Sigurz færði gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi tveggja milljóna króna gjöf til að þakka þeim fyrir að annast föður sinn, þegar hann dvaldi þar í rúman mánuð á síðasta ári. Hún fékk féð í fertugsafmælisgjöf.

FÓLK Margrét Skúladóttir Sigurz gaf gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi loftdýnu og loftlyftara á dögunum í þakkarskyni fyrir þá góðu umönnun sem faðir hennar fékk á deildinni.

„Þabbi þurfti að liggja inni á gjörgæslunni í talsvert langan tíma,“ segir Margrét. Faðir hennar, Skúli Eggert Sigurz, slasaðist alvarlega í mars á síðasta ári þegar maður réðst inn á lögmannstofu hans, Lagastoð, og stakk hann fimm sinnum með 13 sentimetra veiðihníf. Það hefur verið kallað læknisfræðilegt afrek að tekist hafi að bjarga honum. Lá hann á gjörgæslu í um fimm vikur.

„Þetta voru hlutir sem að við sáum að vantaði og voru þarfir.“

Hún segir loftdýnu og loftlyftara hafa komið föður sínum að góðum notum á meðan hann dvaldi á gjörgæslunni. „Þabbi lá á svona dýnu. Það er hægt að blása hana upp og stilla mýkt og víbring til þess að fá smá hreyfingu á sjúklingana. Þá er minni hætta á legusárum.“ Hún segir loftlyftara einnig nauðsynlega fyrir langlegusjúklinga til þess að komast úr rúmi, fá hreyfingu og breyta um umhverfi.

„Þetta er einnig hagræðing fyrir starfsfólkið. Lyftarinn getur híft upp 250 kíló og það er oft ekki mannskapur í að lyfta sjúklingi sem getur ekkert hjálpað til. Þegar sjúklingar liggja lengi fá þeir svokallaða gjörgæslulömun.

Tækin tvö sem Margrét gaf deildinni eru samtals að andvirði tveggja milljóna króna.

„Ég varð fertug á árinu og ákvað að safna fyrir þessu,“ útskýrir hún. „Þetta hefði aldrei gerst nema fyrir tilstilli allra gestanna og vinanna sem voru rosalega rausnarlegir.“

Margrét segir föður sinn hafa fengið afskaplega góða umönnun á gjörgæsludeildinni. „Það er alveg ótrúlega flott starfsfólk þarna sem á heiður skilið.“ Hún segir líðan föður síns eins góða og hægt er miðað við aðstæður.

nannae@frettabladid.is

Eldur kviknaði í báti út frá logsuðu í skipasmíðastöð á Akranesi í gær:

Báturinn ónýtur eftir eldsvoða

BRUNI Eldur kom upp í bát í skipasmíðastöð í Akranesbæ um hádegisbilið í gær út frá logsuðu sem notuð var við viðgerð á bátnum. Engan sakaði í brunanum en báturinn er líklega ónýtur.

Slökkviliðið á Akranesi kallaði eftir aðstoð Slökkviliðs Reykjavíkur og Borgarness þegar ljóst var hversu umfangsmikill bruninn var. Sprengihætta kom upp á fimmta tímanum í gær þar sem gaskútar voru framarlega í bátnum og gerðu slökkviliðsmenn sitt besta til að halda kútunum köldum. Báturinn var dreginn út klukkutíma síðar og kom þá í ljós að hann skíðlogaði að innan. „Það gengur hægt að ráða að niðurlögum eldsins en það gengur,“ sagði Þráinn Ólafsson slökkviliðsstjóri. Hann sagðist í gærkvöldi halda að unnið yrði að slökkvistörfum fram á nótt. - nej

HORFT YFIR SKIPASKAGA Mikinn reyk lagði frá skipasmíðastöðinni eftir að eldurinn var laus og fram eftir degi.

MYND/LANDHELGISGÆSLAN

PIPAR\TBWA • SÍA • 132054

VIKING GÚMMÍSKÓR
Stærðir 35-44
3.992 KR.
FULLT VERÐ 4.990 KR.

COLEMAN STÓLL
Með örmum
7.990 KR.
FULLT VERÐ 11.900 KR.

COLEMAN TRACK TJALD
9.990 KR.
FULLT VERÐ 14.990 KR.

COLEMAN TRACK SVEFNPOKI
4.990 KR.
FULLT VERÐ 6.990 KR.

DIDRIKSONS REGNSETT CIRRUS SV
Stærðir: S, M, L, XL og XXL
Svart og grænt
9.990 KR.
FULLT VERÐ 13.990 KR.

DIDRIKSONS REGNKÁPA EVA OR
Stærðir: S/M og L/XL
Svörtu, hvítu og appelsínugulu
1.990 KR.
FULLT VERÐ 2.990 KR.

CAMPING EXTREME KÆLIBOX 28 ltr
7.990 KR.
FULLT VERÐ 11.490 KR.

COLEMAN HITABRÚSI
0.75 ltr.
2.990 KR.
FULLT VERÐ 4.490KR.

COLEMAN GASFLASKA
250 but/pro
990 KR.
FULLT VERÐ 1.290 KR.

ULLARSOKKAR
Gráir, stærð: 40-43
1.490 KR.
FULLT VERÐ 2.290 KR.

COLEMAN HELLA TWISTER PLUS
6.990 KR.
FULLT VERÐ 9.990 KR.

GOOPER VATNSHELDUR POKI
3.992 KR.
FULLT VERÐ 4.990 KR.

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

LOKAÐ
VERSLUNARMANNAHELGINA
LAUGARD.-MÁNUD.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

SVONA ERUM VIÐ

1.023 voru þau fyrirtæki sem nýskráð voru fyrstu sex mánuði ársins.

Það er ellefu prósenta aukning frá sama tíma í fyrra þegar 922 fyrirtæki voru skráð.

Fyrstu sex mánuði ársins voru gjaldþrot 531 miðað við 572 fyrirtæki á sama tíma í fyrra. *Heimild: Hagstofa Íslands*

Kanadískt fyrirtæki fjárfestir fyrir 600 milljónir í íslensku eldsneytisfyrirtæki:

Sóknarfærin eru í metanólinu

EFNAHAGSMÁL Kanadíska orkufyrirtækið Methanex hefur fjárfest í íslenska metanólfyrirtækinu Carbon Recycling International fyrir 600 milljónir króna. Þetta er stærsta erlenda fjárfestingin frá hruni en hún nemur fimm milljónum Bandaríkjadala.

CRI framleiðir og selur endurnýjanlegt metanól sem blandað er í bensín og telst sjálfbært eldsneyti sem skilar lágmarkssótspori.

CRI rekur verksmiðju í Svartsengi við Grindavík. „Þessi fjárfesting Methanex gerir okkur kleift að klára verksmiðjuna í Svartsengi ásamt því að undirbúa stærri verksmiðjur sem við erum með á teikniborðinu," segir Sindri Sindrason, stjórnarformaður CRI.

Methanex er stærsti seljandi metanóls í heiminum. Hagnaður fyrirtækisins á síðasta ársfjórðungi var tæpir 19 milljarðar dala. Sindri segir sóknarfærin mikil þar sem skortur sé á fyrirtækjum á markaðnum sem einbeita sér að endurnýjanlegum orkugjöfum. - khn

MIKIL FJÁRFESTING Blaðamannafundur var haldinn í Hörpu í gær þar sem tilkynnt var um fjárfestinguna.

Hitabylgjan hefur áhrif:

Marglyttur herja á Breta

BRETLAND Síðustu vikur hafa Bretar orðið varir við marglyttur undan ströndum landsins, sem áður sáust vart á þessum slóðum. Sumarið hefur verið óvenjuheitt og marglyttufaraldurinn virðist vera fylgifiskur þeirra.

Meðal marglyttanna er hin svokallaða ljónsmakkaglytta en stunga frá henni veldur miklum sársauka. Baðstrandagestir á Englandi hafa verið beðnir um að hafa varann á vegna þessa, líkt og segir á vef The Telegraph. - jse

ANDLITSÁGRÆÐSLA 33 ára maður ræddi við fjölmiðla í gær þegar hann fór heim af sjúkrahúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pólskur maður útskrifaður af sjúkrahúsi eftir alvarlegt slys:

Heim af spítala með nýtt andlit

PÓLLAND, AP 33 ára maður gaf sér tíma til að ræða við fjölmiðla þegar hann útskrifaðist í gær af sjúkrahúsi í Póllandi, fyrstur manna þar í landi til að fá nýtt andlit grætt á sig. Hann átti dálítið erfitt með að tala, en getur þó talað og borðað og fundið bragð og lykt.

Hann sagðist vera læknum sínum óendanlega þakklátur fyrir aðgerðina, sem hafi bjargað öllu. Fyrir þremur vikum missti hann nef, efri kjálka og kinnar í vinnuslysi í mársteinsverksmiðju. - gb

Rannsókn málnefndar:

Danir skilja ekki dönsku

DANMÖRK Niðurstöður nýrrar rannsóknar dönsku málnefndarinnar sýna að Danir eiga æ erfiðara með að skilja og skrifa dönsku. Stafsetningarvillurnar í grunnskólanum eru sjö til 10 prósentum fleiri nú heldur en fyrir 30 árum. Nefndin telur að aukin skrif í samfélagsmiðla hafi haft þessi áhrif.

Þessu vísar norski prófessorinn Kjell Lars Berge á bug. Berge, sem er prófessor í norrænum tungumálum við Óslóarháskóla, segir vandann liggja í miklum mun á talmáli og ritmáli í Danmörku. Svenska Dagbladet greindi frá. - ibs

Alþjóðadagur landvarða:

Gestir verða að vörðum í dag

FÓLK Vesturbyggð býður í dag gestum friðlandsins í Vatnsfirði að gerast landverðir í tilefni af alþjóðadegi landvarða. Tilgangur hans að minnast þeirra mörgu landvarða sem hafa látist eða slasast við skyldustörf um allan heim.

Á Íslandi starfa um hundrað landverðir yfir sumartímann á friðlýstum svæðum og þrír eru starfandi í Vesturbyggð. Á Íslandi er starf landvarða ekki eins áhættusamt og víða annars staðar í heiminum. Því er dagurinn haldinn hátíðlegur hér til þess að fagna starfi landvarða sem vinna við að vernda náttúru- og menningarleg verðmæti. - nej

Gæti fengið tvö ár fyrir Icesave-skjölin

Bradley Manning gæti þurft að dúsa í fangelsi í tvö ár fyrir að leka leynilegum skjölum um Icesave-málið, að sögn Birgittu Jónsdóttur. Endanleg refsing verður líklega ákveðin í dag og er talið að hann eigi yfir höfði sér áratugalanga fangavist.

BANDARÍKIN Þó svo að uppljóstrarinn Bradley Manning hafi í gær verið sýknaður af ákæru um að hafa aðstoðað óvini Bandaríkjanna þá bíður hans áratugalöng fangelsisvist. Af 22 ákæruliðum var Manning fundinn sekur í 20 liðum. Hann hafði áður játað sök í þeim tíu liðum sem ekki tengdust alvarlegustu ákæruatriðunum.

Enn á eftir að ákveða endanlega refsingu Mannings en það verður væntanlega gert í dag. Hann hefur þegar setið í gæsluvarðhaldi í þrjú ár eða frá því að hann var handtekinn í Kúveit árið 2010.

Manning, sem er 25 ára gamall, starfaði þá við upplýsingaöflun fyrir Bandaríkjaher í Írak. Á þessu tímabili safnaði hann hátt í 750 þúsund leyniskjölum sem hann lak til WikiLeaks. Þetta er stærsta lekamál í sögu Bandaríkjanna.

Gögnin rötuðu á forsíður fréttablaða vítt og breitt um heiminn. Einna helst var það myndbandið „Collateral Murder" sem vakti athygli. Þar mátti sjá bandaríska hermenn skjóta á hóp manna í Bagdad árið 2007. Tveir fréttamenn Reuters létust í árásinni ásamt nokkrum óbreyttum borgurum.

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, var einn af framleiðendum myndbandsins. Hún sótti fund stuðningsmanna Mannings á Kaffi Reykjavík í gær og tók þátt í fagnaðarlátunum þegar ljóst var að uppljóstrarinn hafði verið sýknaður af alvarlegasta ákæruatriðinu.

FEGIN Birgitta Jónsdóttir fagnaði mjög ásamt félögum sínum á Kaffi Reykjavík í gær eftir að dómurinn var kveðinn upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Ég er rosalega ánægð með þetta," segir Birgitta. „Maður veit aldrei hvað gerist í réttarhöldum sem þessum. Ég er að minnsta kosti fegin að ég er ekki óvinurinn samkvæmt skilgreiningu bandaríska yfirvalda. Þannig að mér er auðvitað létt."

Fyrstu skjölin sem Manning kom áleiðis tóku til leynilegra samskipta Breta og Hollendinga vegna Icesave-málsins, þá sérstaklega viðbragða hollenskra yfirvalda við þjóðaratkvæðagreiðslunni 6. mars árið 2010.

„Einn af þessum ákæruliðum í máli Mannings tekur einmitt til þessa leka," segir Birgitta. „Hann gæti þurft að dúsa í fangelsi í tvö ár fyrir Íslendinga." kjartanh@365.is

> **Ég er að minnsta kosti fegin að ég er ekki óvinurinn samkvæmt skilgreiningu bandaríska yfirvalda.**
>
> *Birgitta Jónsdóttir, alþingismaður Pírata*

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



NORÐANÁTT verður ríkjandi næstu daga og því dregur heldur úr hlýindum á landinu, sérstaklega norðan og austan til. Bjartast verður sunnan- og vestanlands og líkur á síðdegisskúrum en væta á norðausturhorninu.



Á morgun
Strekkingur allra vestast og austast en annars hægari vindur.



Fimmtudagur
Fremur hægur vindur víðast hvar.

Alicante	31°	Berlín	24°	Friedrichshafen	24°	Las Palmas	26°	New York	27°
Aþena	36°	Billund	22°	Gautaborg	23°	London	21°	Orlando	31°
Basel	29°	Frankfurt	25°	Kaupmannahöfn	23°	Mallorca	33°	Ósló	22°

París	26°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	20°



Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

ALLT FYRIR VERSLUNARMANNAHELGINA

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

HAGKAUP MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN

MARINERAÐ OG MEÐ FERSKUM KRYDDJURTUM

GRILL-LAMBALÆRI
1819 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2598

PIPAR-HVÍTLAUKS EÐA MANGÓ-CHILI

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

KJÚKLINGALEGGIR 2 TEGUNDIR
699 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 999

HAGKAUP MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

ARABÍU MIÐLÆRISSNEIÐAR
2379 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3399

SS

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

KRYDDLEGNAR LAMBATVÍRIFJUR
2542 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3389

TILBOÐ
499 KR/PK
VERÐ ÁÐUR 599

Bestu molarnir frá Freyju

GOTT Í FERÐALAGIÐ!
999 KR/PK

Coke 12 dósir í pakka

NÝTT!

Lipton Sun Tea

NÝTT!

Goldfish kex

349 KR/PK

Sykurpúðar á grillið

Gildir til 5. ágúst á meðan birgðir endast.

OPIÐ UM VERSLUNARMANNAHELGINA

		Skeifan Eiðistorg Garðabær Akureyri	Smáralind Spöngin Holtagarðar	Kringlan	Borgarnes Njarðvík Selfoss
LAU	3. ÁGÚST	24 TÍMA	10-20	10-20	10-18
SUN	4.ÁGÚST	24 TÍMA	12-20	LOKAÐ	12-18
▶ MÁN	5.ÁGÚST	24 TÍMA	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. Hvað heitir stjórnmálaflokkur nýnasista í Grikklandi?
2. Hvað heitir kvikmynd Baltasars Kormáks sem hann var að frumsýna?
3. Hvaða íslenski knattspyrnumaður ætlar að spila með bandaríska landsliðinu frekar en því íslenska?

SVÖR:
1. Gyllt dögun. **2.** 2 Guns. **3.** Aron Jóhannsson.

Fyrrum talsmaður danskra múslíma varar við öfgasinnuðum trúbræðrum sínum:

Sér eftir múhameðsmyndaviðbrögðum

DANMÖRK Ahmed Akkari, fyrrum talsmaður trúfélags múslíma sem var í fararbroddi þeirra sem úthrópuðu birtingu Jótlandspóstsins á skopmyndum af spámanninum Múhameð árið 2005, hefur nú skipt um skoðun og sér eftir orðum sínum og gjörðum.

Í samtali við BT í gær varaði hann meðal annars við öfgasinnuðum trúbræðrum sínum, sem hann telur ógna dönsku samfélagi.

Akkari, sem fór meðal annars ásamt öðrum forsvarsmönnum danskra múslíma í ferð til Mið-Austurlanda til að þrýsta á að dönsk yfirvöld bæðust afsökunar á birtingu myndanna. Í dag segir hann að sú ferð hafi verið misráðin.

„Allt þetta ferli og þær hugmyndir sem bjuggu að baki mínum viðbrögðum voru rangar. Þær byggja á fastmótaðri heimsmynd. Ég bið alla um að hugsa sig um ef svipað mál kemur upp síðar."

Allt frá birtingu myndanna á sínum tíma hafa þær verið notaðar sem átylla fyrir voðaverk gegn Jótlandspóstinum og starfsfólki miðilsins og ekki síst skopteiknaranum sjálfum, Kurt Westergaard. Meðal annars réðist maður inn á heimili hans fyrir rúmum þremur árum.

Fyrrum yfirmaður leyniþjónustunnar PET telur meðal annars að álíka ógn gæti nú vofað yfir Akkari í kjölfar yfirlýsinga hans. - þj

EFTIRSJÁ Ahmed Akkari, sem hér er lengst til vinstri, sér eftir því að hafa úthrópað birtingu skopmyndanna af Múhameð spámanni. NORDICPHOTOS/AFP

HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

Góð leikfimi fyrir allar konur sem vilja styrkja sig og líða betur.

Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

EIRÍKUR EGILSSON Bóndinn á Seljavöllum segir álftina fara úr repjuökrum í önnur beitarlönd þegar plantan nær þeirri hæð að trufla fuglinn í flugtaki. MYND/ÓLAFUR EGGERTSSON

Bændur fái að skjóta álftir á repjuökrum

Bændur sem eiga repjuakra við Hornafjörð segja ræktuninni sjálfhætt fáist ekki undanþága frá umhverfisráðuneyti til að skjóta álftir sem leggist á akra. Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu vill að sveitarfélagið styðji undanþágumsókn.

LANDBÚNAÐUR „Það er ekki verið að tala um að skjóta álftina stjórnlaust heldur að menn hafi leyfi til að verja sína akra," segir Eiríkur Egilsson, bóndi á Seljavöllum og formaður Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga sem vill heimild til að skjóta álftir sem leggjast á olíurepjuakra.

„Þær hlífa engu þessar álftir. Kornrækt er til dæmis aflögð í Lóni út af álftum," segir Eiríkur sem kveður fimm bændur í Nesjum nú vera með samtals sautján hektara undir í olíurepjuræktun í tilraunaskyni.

Að sögn Eiríks lofar ræktunin góðu. Menn vonist til að sala á matarolíu úr repjunni standi undir tilkostnaðinum. Eftir sitja bændur með hratið sem nota megi í skepnufóður í stað innflutts fóðurs.

„En það er til lítils að vera að kosta hundruðum þúsunda á hverju vori og heilmikilli vinnu í þessa ræktun ef fuglinn má svo bara koma og hirða þetta allt saman," segir Eiríkur. Álftin sé miklum mun ágengari en gæsir og erfitt að fæla hana í burt. Geldfuglinn, sem eðli málsins samkvæmt verpir ekki, sé stærsta vandamálið.

Eiríkur segir eina álft éta á við kind með tvö lömb. „Hvaða bóndi halda menn að væri með 50 til 100 tvílembur í kornakrinum eða repjuakrinum hjá sér?" spyr Eiríkur og bendir einnig á að mikil mengun fylgi skítnum frá álftinni. „Það er varla skófært um túnin."

Hornafjörður styrkir tilraunaræktunina með repjuna. Búnaðarsambandið vill nú að sveitarfélagið beiti sér til að fá umhverfisráðuneytið til að veita undanþágu frá eitt hundrað ára gömlum lögum um friðun álftarinnar.

ÁLFTIR Á AKRI Eiríkur Egilsson segir álftum hafa fjölgað gríðarlega síðustu tuttugu árin. MYND/STÖÐ 2

> **Þær hlífa engu þessar álftir**
> *Eiríkur Egilsson, bóndi á Seljavöllum*

„Það er alveg sama hversu margar álýktanir og samþykktir hafa verið gerðar á hverjum fundinum á fætur öðrum. Það hefur ekki fengist ein einasta undanþága á landinu til að skjóta þessar álftir," segir Eiríkur. Hann vonast til að staðan breytist með atbeina sveitarfélagsins.

„Ljósið í myrkrinu er að það er kominn nýr ráðherra. Ég gæti trúað því að hann hefði betri skilning á þessu heldur en fyrrverandi ráðherra. Það er munur á hvort menn sjá þetta í túninu hjá sjálfum sér eða á Tjörninni í Reykjavík," segir Eiríkur Egilsson. gar@frettabladid.is

Til yndis og prýði

Álftin var friðuð 1913, ekki vegna þess að hún væri í útrýmingarhættu, heldur vegna þess að hún þótti fagur og tignarlegur fugl. Þetta segir í áliti nefndar sem fjallaði um friðunina á þingi:

„Svanurinn er hin mesta prýði í íslensku fuglalífi, nytjar hans munu mestar í fjaðratöku og þær nytjar vaxa við friðunina, nytjar á drápi fuglsins sjálfs eru svo litlar, að þeirra vegna verður friðunin að teljast fyllilega rjettmæt. Þess ber og að geta, að sje svanurinn friðaður, mun hann verða spakari og algengari, verða víðar til yndis og prýði."

Gorenje W6423 • LED-skjár • Sjálfhreinsibúnaður • Sparnaðarkerfi
17 mínútna hraðþvottur • „My favorite"-kerfi • Stórt hurðarop, 34 cm
Einstaklega hljóðlát • Orkunýtni A+++ • 5 ára ábyrgð

Reykjavík Skútuvogur 1 Sími 562 4011 | Akureyri Draupnisgata 2 Sími 460 0800 | Reyðarfjörður Nesbraut 9 Sími 470 2020

RÖNNING

PRÁRITBVA SÍA 122194

Kjörvari á við

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

Kjörvari er íslensk framleiðsla fyrir íslenskar aðstæður.

Yfir 80% málarameistara velja vörur frá Málningu hf.
Hvaða viðarvörn notar þú?

málning
- það segir sig sjálft -

Útsölustaðir Málningar: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BAUHAUS • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • ORMSSON-VíK Egilsstöðum Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun Grindavík • Málningarbúðin Ísafirði

ÍSLENSKA/SÍA.IS/MAL 65083 07/13

TRAUSTIR AÐILAR

Rétti bíllinn í sumarfríið fæst hjá okkur!

Allt að 80% lánamöguleikar

AUDI Q7 Quattro
Nýskr. 04/07, ekinn 128 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 270448.

Frábært verð 5.790 þús.

HYUNDAI TUCSON 4x4
Nýskr. 06/09, ekinn 54 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.690 þús.
Rnr.201324.

NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/08, ekinn 104 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.490 þús.
Rnr.151875,

KIA CARENS EX
Nýskr. 05/13, ekinn 4 þús km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 4.790 þús.
Rnr.270464.

TOYOTA YARIS TERRA
Nýskr. 06/10, ekinn 41 þús km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.890 þús.
Rnr.201321.

TOYOTA LAND CRUISER 150 GX
Nýskr. 06/12, ekinn 19 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 9.990 þús.
Rnr.130449.

BMW 118i
Nýskr. 09/07, ekinn 31 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.690 þús.
Rnr.270332.

bílaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

Umboðsmaður Alþingis bregst við sumarlokunum hjá Sjúkratryggingum:

Vill skýringar frá ráðuneyti

STJÓRNSÝSLA Umboðsmaður Alþingis fer fram á upplýsingar frá heilbrigðisráðuneytinu vegna sumarlokana hjá Sjúkratryggingum Íslands og úrskurðarnefnd almannatrygginga.

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum verða Sjúkratryggingarnar lokaðar frá 18. júlí til 7. ágúst. Starfsemi úrskurðarnefndar almannatryggingga liggur lengur niðri, frá 1. júlí til 6. ágúst. Í báðum tilvikum er skýringin sögð niðurskurður.

Róbert Spanó, settur umboðsmaður Alþingis, hefur nú óskað eftir því að heilbrigðisráðuneytið svari spurningum um málið. Hann vill til dæmis vita hvort ráðuneytið hafi vitað af sumarlokununum fyrirfram. Þá spyr hann hvernig ráðuneytið telji lokanirnar fara saman við kröfur um skjóta málsmeðferð sem gerðar séu til bæði Sjúkratryggingga og úrskurðarnefndarinnar.

Telji ráðuneytið það ekki samrýmast skyldum Sjúkratryggingga og úrskurðarnefndarinnar að loka yfir sumartímann óskar umboðsmaður Alþingis eftir því að ráðuneytið upplýsi hvernig það hyggist bregðast við lokununum. - bj

RÓBERT SPANÓ

Stefna að meiri sjálfbærni í orkumálum

Sveitarfélagið Hornafjörður stefnir að því að auka orkuframleiðslu á eigin landi. Smávirkjanir eru fýsilegasti kosturinn í bili, en önnur spennandi verkefni gætu legið fyrir á næstu árum að sögn bæjarstjóra. „Verðum að horfa til langs tíma.“

ORKUMÁL Sveitarfélagið Hornafjörður stefnir að meiri sjálfbærni í orkuöflun og –nýtingu á komandi árum og telur verkfræðistofan Verkís í úttekt að marga fýsilega virkjunarkosti sé að finna í landi sveitarfélagsins. Þeir kalli þó á nánari úttekt og segir Hjalti Þór Vignisson bæjarstjóri að verkefnið sé enn á grunnstigi.

„Við erum á köldu svæði og hér eru ekki stórir virkjanakostir,“ segir hann. „Þó að hér sé að vísu heitt vatn er það ekki í nægjanlegu magni og það er ljóst að orkukostnaður fyrir heimili og fyrirtæki mun hækka á næstu árum. Þess vegna spurðum við okkur hvað hægt væri að gera í málunum, sérstaklega litið til framtíðar, og höfum ákveðið að skoða nánar og fóstra betur hugmyndir um smávirkjanir.“

Þeir virkjunarkostir sem helst hafa verið í umræðunni um fallvatnsvirkjanir í landi sveitarfélagsins undanfarið eru Svínafellsá, Kapaldalsá og Skriðulækur, sem Orkustofnun tiltók í úttekt fyrir nokkrum árum. Hjalti segir að í framhaldinu ætli bæjaryfirvöld að koma á samstarfi við bændur, landeigendur og áhugafólk um að leita að öðrum og jafnvel fýsilegri kostum í virkjun fallvatna.

Aðspurður segir Hjalti þó að þessi verkefni muni ekki verða til þess að gera sveitarfélagið sjálfbært um orku þar sem notkun svæðisins sé á bilinu 20 til 30 megavött.

„Með þessar smávirkjanir erum við að horfa á stærð sem er kannski um eitt megavatt. Það yrði þá fyrst og fremst gott fyrir byggðina í nágrenni virkjunarinnar og síðan yrði afgangurinn seldur inn á kerfið.“

Hjalti bætir því við að margir fleiri kostir séu í skoðun og ýmislegt hafi komið fram á ráðstefnu um orkumál, sem bærinn stóð fyrir síðasta vetur. Meðal annars standi nú yfir prófanir með sjávarhverfil til virkjunar raforku úr sjávarföllum í Mikleyjaráli skammt frá Höfn.

„Í þessum málum verðum við að horfa til langs tíma, næstu tíu eða tuttugu ára, og það erum við einmitt að gera.“

thorgils@frettabladid.is

ÁLITLEGIR VIRKJANAKOSTIR

Þrír virkjanakostir hafa verið nefndir sem álitlegastir fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð í úttektum síðustu ára, Skriðulækur, Kapldalsá og Svínafellsá.

Litlar en mikilvægar stoðir í kerfinu

Smávirkjanir eru allnokkrar á Íslandi og framleiða alls 131 gígavattsstund af rafmagni. Það er þó einungis brot af heildarframleiðslu hér á landi, sem er 17.548 gígavattsstundir. Mikilvægi virkjananna er þó meira en sem því nemur, að sögn Kristins Einarssonar, yfirverkefnisstjóra auðlindanýtingar hjá Orkustofnun; bæði fyrir raforkukerfið sjálft og fyrir búsetu í landinu.

„Smávirkjanir leggja kannski ekki mikið inn í kerfið ef á heildina er litið, en þær geta verið mikilvægar á ákveðnum stöðum. Til að mynda virkjunin í Kolku í Skagafirði, sem var tengd við kerfi RARIK, en staðsetning hennar gerði óþarft að byggja nýja línu til Siglufjarðar. Þá er virkjun í Hvestu í Arnarfirði sem er afar mikilvæg fyrir sunnanverða Vestfirði. Auk þess geta smávirkjanir líka dregið úr kostnaði fyrir bændur, jafnvel skapað þeim tekjur ef þeir framleiða inn á kerfið, og það getur jafnvel riðið baggamuninn með búsetu á bænum líkt og hver önnur hliðarbúgrein.“

Cahterine Ashton hitti Múhamed Morsí í Kaíró í gær:

Segir Morsí við góða heilsu

EGYPTALAND Catherine Ashton, utanríkisfulltrúi Evrópusambandsins, hitti Múhamed Morsí í gærmorgun, ræddi við hann í tvær klukkustundir og segir hann „hafa það gott“ í stofufangelsinu.

Hún sagðist ekki vita nákvæmlega hvar hann væri hafður í haldi. Hún vildi heldur ekki hafa neitt eftir honum, sagðist ekki vilja „leggja honum orð í munn“.

Egypski herinn steypti Morsí forseta og stjórn hans af stóli í byrjun júlí. Hann hefur verið í stofufangelsi síðan.

Ashton segir hann hafa aðgang að sjónvarpi og dagblöðum. Hann geti því fylgst með því sem er að gerast og þau hafi rætt stöðu mála af hreinskilni.

Mannskæð átök hafa ítrekað brotist út í Egyptalandi á síðustu vikum, nú síðast á laugardag þegar sjötíu manns létu lífið eftir að herinn lagði til atlögu gegn stuðningsmönnum Morsís.

Stuðningsmenn Morsís krefjast þess enn að hann fái forsetaembættið aftur. Þeir hafa ekki orðið við kröfum hersins um að þeir hætti mótmælum sínum. - gb

MÓTMÆLI Í KAÍRÓ Efnt var til eins konar minningarathafnar í gær um sjötíu manns sem létu lífið um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FARÐU ÚT!

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF HÁGÆÐA ÚTIVISTARVÖRUM

TJÖLD

GÖNGUSKÓR

SVEFNPOKAR

NORTH FACE FATNAÐUR

Fáðu aðstoð við valið á rétta útivistarbúnaðinum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.

ÁRNASYNIR

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is

Skipað í æðstu stöðu FSA:

Þrír sækja um stöðu forstjóra

ATVINNUMÁL Þrír einstaklingar hafa sótt um stöðu forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri. Bjarni Jónasson, starfandi forstjóri til 1. ágúst, er einn þeirra sem sótt hefur um.

Hinir umsækjendurnir eru Guðjón Brjánsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, og Jón Helgi Björnsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra mun skipa í stöðuna. - nej

Matsfyrirtæktið Standard and Poor's telur horfur á lánshæfi Landsvirkjunar ekki lengur stöðugar:

Lánshæfi Landsvirkjunar breytt í neikvætt

VIÐSKIPTI Alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Standard and Poor's hefur breytt horfum á lánshæfiseinkunn Landsvirkjunar úr stöðugum í neikvæðar.

Matsfyrirtækið segir breytinguna mega rekja til breytingu á horfum á lánshæfi Ríkissjóðs Ísland, sem átti sér stað þann þann 26. júlí síðastliðinn, en allar skuldir Landsvirkjunar eru með ríkisábyrgð.

Rafnar Lárusson, fjármálastjóri Landsvirkjunar, segir breytinguna hafa takmörkuð áhrif á fyrirtækið að svo stöddu. „Enn á eftir að koma í ljós hvaða áhrif þetta hefur á lánshæfiseinkunn á endanum og er Landsvirkjun ekki að sækja sér mikið fé eins og er," segir Rafnar en bætir við að auðvitað sé aldrei gott þegar horfur breytast og lánshæfi veikist.

Landsvirkjun hefur á undanförnum árum unnið markvisst að því að lækka skuldir sínar og takmarka útgjöld. Í kjölfarið hefur efnahagsleg staða félagsins batnað sem hefur jákvæð áhrif á grunnlánshæfi Landsvirkjunar. „Efnahagsleg staða Landsvirkjunar hefur áhrif á grunnlánshæfiseinkunn félagsins, en það er enn vegur að fara áður en staðan verður góð. Ríkisábyrgð á skuldum fyrirtækisins hækkar því endanlegt lánshæfismat. Áhrif ríkissjóðs á Landsvirkjun er því frekar til þess að hífa einkunn fyrirtækisins upp, þó að nú hafi horfur versnað með versnandi horfum ríkissjóðs." - le

Í TAKT VIÐ RÍKISSJÓÐ Þó skuldastaða Landsvirkjunar hafi batnað veikist lánshæfið í takt við ríkissjóð.

LITRÍKARI GATA Reykjavíkurborg stendur nú fyrir líflegum breytingum á Hofsvallagötu.

Umferð hjólandi og gangandi vegfarenda bætt í Vesturbæ:

Hofsvallagatan glædd lífi og lit

SKIPULAGSMÁL Vinna er hafin við Hofsvallagötuna í því skyni að gera hana litríkari og bæta umferð fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Til stendur að koma fyrir hjólastígum beggja vegna götunnar sem málaðir verða í líflegum litum. Einnig á að koma fyrir blómakerjum, bekkjum og litríkum fánum og fuglahúsum.

Aðgengi að strætisvögnum verður bætt þar sem komið verður fyrir upphækkuðum palli við strætisvagnastöðvar sem auðveldar aðgengi hreyfihamlaðra, fólks með barnavagna og hjólafólks. Bílastæðum við götuna verður breytt en þar hafa ekki áður verið skilgreind bílastæði. Verður framvegis aðeins hægt að leggja vestanmegin götunnar en ekki báðum megin eins og áður hefur verið.

Stefnt er að því að verkinu ljúki þann 15. ágúst. - nej

Aldraðir nasistar bíða brottrekstrar

Ekkert land hefur viljað taka við nokkrum háöldruðum mönnum, sem dæmdir hafa verið brottrækir úr Bandaríkjunum vegna þátttöku þeirra í stríðsglæpum nasista fyrir sjötíu árum. Þeir búa því áfram í Bandaríkjunum, ríkisfangslausir.

BANDARÍKIN, AP Að minnsta kosti tíu menn, sem grunaðir hafa verið um stríðsglæpi í seinni heimsstyrjöldinni, hafa búið áfram í Bandaríkjunum eftir að hafa verið gerðir brottrækir þaðan.

Ástæðan er sú að ekkert land hefur viljað taka við þeim. Þeir áttu rétt á tryggingabótum frá ríkinu þangað til allir áfrýjunarmöguleikar höfðu verið tæmdir.

Fjórir þeirra eru enn á lífi, háaldraðir og ríkisfangslausir.

Vladas Zajanckauskas býr í Sutton í Massachusetts, orðinn 97 ára. Theodor Szehinskyj býr í West Chester í Pennsylvaníu, orðinn 89 ára. Jakiw Palij býr í New York, einnig 89 ára gamall. Og John Kalymon býr í Troy í Michigan, 92 ára.

Það er AP fréttastofan, sem skýrði frá þessu eftir að hafa kannað gögn frá dómsmálaráðuneytinu.

Í Bandaríkjunum er heimilt að vísa einstaklingum úr landi, ef nægilega vel þykir sannað að þeir hafi tekið þátt í stríðsglæpum. Hins vegar heimila bandarísk lög ekki að höfðað verði mál á hendur þeim hafi glæpirnir ekki verið framdir innan Bandaríkjanna. Það væri í verkahring landsins, þar sem glæpirnir voru framdir, að lögsækja þá þegar þeir kæmu þangað.

Vladas Zajanckauskas frá Litháen, 97 ára Sakaður um að hafa tekið þátt í fjöldamorðunum í gyðingagettóinu í Varsjá. Hann býr í Massachusetts, en myndin er tekin 1956.

John Kalymon frá Póllandi, 92 ára Sakaður um að hafa starfað með úkraínskri lögreglusveit, sem safnaði saman gyðingum og fangelsaði. Hann býr í Michigan, en er sagður þjást bæði af Alzheimer og krabbameini. Myndin er tekin árið 2009.

Jakiv Palij frá Póllandi, 89 ára Sakaður um að hafa verið vörður í fangabúðum fyrir gyðinga. Hann býr í New York. Myndin er tekin árið 2003.

Fyrir 34 árum var stofnuð í dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna sérstök deild, sem hefur það hlutverk að leita uppi grunaða nasista og vinna að því að fá þeim vísað úr landi. Þessi deild hefur höfðað mál á hendur 137 einstaklingum, en 66 þeirra fóru af landi brott, ýmist sjálfviljugir eða með brottvísun eða framsali til annars lands.

Að minnsta kosti tuttugu þeirra létust áður en málaferlum gegn þeim lauk. Stjórnvöld tóku síðan ákvörðun um að vísa að minnsta kosti tuttugu öðrum ekki úr landi, yfirleitt vegna þess að heilsufar þeirra var orðið of bágborið til að það þætti réttlætanlegt.

Stærsta vandamálið hefur hins vegar verið að fá önnur lönd til að taka við þeim, eftir að brottvísun hafði verið ákveðin.

gudsteinn@frettabladid.is

www.volkswagen.is

*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskiptur.
Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Volkswagen Caddy

Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Caddy* kostar aðeins frá
3.090.000 kr.
(2.642.151 kr. án vsk)

Atvinnubílar

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Vnr. 88015950
2 manna braggatjald.

ÚTILEGUPAKKI

Vnr. 88015950/88015966/88015974
Tjald, 2 manna,
svefnpoki og tjalddýna.

6.990 kr.

Vnr. 88015966
Tjalddýna,
200x70 cm.

Vnr. 88015974
Svefnpoki, -5°,
200x80 cm.

LÝKUR UM HELGINA

ALLT Á AÐ SELJAST
LAGERHREINSUN

LAGER-HREINSUN
Á SUMARVÖRUM

facebook.com/BYKO.is

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

ÞÚ SPARAR 5.000 KR.

Vnr. 87977170
Kælibox á hjólum með rafmagni, 12 V, E40,

18.990 kr.
FULLT VERÐ: 23.990 kr.

ÞÚ SPARAR 1.000 KR.

Vnr. 88015952
Tjald, 3 manna.

4.990 kr.
FULLT VERÐ: 5.990 kr.

ÞÚ SPARAR 2.000 KR.

Vnr. 50632105
Ferðagasgrill,
grillflötur 30x37 cm,
hitadreifiplata, 2,6 kW.

7.990 kr.
FULLT VERÐ: 9.990 kr.

Vnr. 42375643
Einnotagrill.

390 kr.
FULLT VERÐ: 490 kr.

Vnr. 88015715
Vatnsbrúsi, 15 l.

690 kr.

15 L.

Vnr. 88583437
Víkingaspil.

2.990 kr.

Vnr. 88098157-8
Útilegustóll,
grænn eða blár.

1.390 kr.
FULLT VERÐ: 1.490 kr.

ÞÚ SPARAR 20.000 KR.

TAKMARKAÐ MAGN

Vnr. 50657139
SUNWIND TEXAS 3000 gasgrill,
4 brennarar, niðurfellanleg
hliðarborð, hitamælir og
þrýstijafnari. 10 kW.

24.990 kr.
FULLT VERÐ: 44.990 kr.

ÞÚ SPARAR 30.000 KR.

Vnr. 55099123
Gróðurhús úr
áli og plasti,
184x122x215 cm.

19.990 kr.
FULLT VERÐ: 49.990 kr

ÞÚ SPARAR 15.000 KR.

Vnr. 41624134
Garðbekkur.

14.990 kr.
FULLT VERÐ: 19.990 kr.

Vnr. 41624133
Garðborð með plastgranítfilmu, ál.

24.990 kr.
FULLT VERÐ: 39.990 kr.

ÞÚ SPARAR 5.000 KR.

ÞÚ SPARAR 12.000 KR.

Vnr. 41622110
Ál sólbekkur með
höldum, svartur.

9.990 kr.
FULLT VERÐ: 21.990 kr.

ÞÚ SPARAR 13.000 KR.

Vnr. 41621501
Fellanlegt borð
og 4 stólar.

19.990 kr.
FULLT VERÐ: 32.990 kr.



ÞÚ SPARAR 33.000 KR.

Vnr. 41622143
Garðsett, 4 stólar og
borð 160x90 cm.
Fæst í BYKO Breidd

56.990 kr.
FULLT VERÐ: 89.990 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

HEIMURINN

Gefa sér níu mánuði

1 BANDARÍKIN Barack Obama Bandaríkjaforseti tók á móti samningafulltrúum Ísraels og Palestínu, þeim Tzipi Livni og Saeb Erekat, sem eru að hefja samningaviðræður á ný eftir fimm ára hlé. Obama hyggst þó að mestu halda sig til hlés í viðræðunum sjálfum. John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur undanfarna mánuði lagt mikla áherslu á að fá Ísraela og Palestínumenn aftur að samningaborðinu. Kerry sagði í gær að stefnt væri að samningi innan níu mánaða.

Olían breiðist út

2 TAÍLAND Fjöldi fólks hefur unnið að því að hreinsa strendurnar á Samet-eyju, skammt suðaustur af Bangkok, eftir olíulekann sem varð á eyjunni um helgina. Olían hefur verið að breiðast út með ströndum eyjunnar og út í Prao-flóa. Eyjan er vinsæll ferðamannastaður, en enn hafa vinsælustu baðstrendurnar á vestanverðri eyjunni sloppið. Um 50 þúsund lítrar af olíu láku úr olíuleiðslu á eyjunni á sunnudag.

Stalín snýr aftur

3 GEORGÍA Sex metra hárri styttu af Jósef Stalín verður komið aftur fyrir í Tíblisi, höfuðborg Georgíu. Styttan var gerð árið 1952, ári áður en Stalín lést, en hún var fjarlægð árið 2010 þegar Mikhaíl Sakasvjili forseti lét rífa niður fjölda minnismerkja frá tímum Sovétríkjanna. Styttan verður þó ekki reist á sama stað á aðaltorgi borgarinnar, heldur fyrir utan Stalínsafnið þar í borg.

38 bornir til grafar eftir rútuslys á Ítalíu

FJÖLDAJARÐARFÖR Á ÍTALÍU Fjöldi fólks var viðstaddur þegar 38 manns voru bornir til grafar skammt frá borginni Napolí í gær. Fólkið lét lífið á mánudag þegar langferðabifreið hrapaði niður í gil þar skammt frá. Rannsókn er hafin á orsökum slyssins.

NORDICPHOTOS/AFP

NISSAN QASHQAI DÍSIL VERÐ 4.990 ÞÚS. KR.

NISSAN
SHIFT_
NISSAN
QASHQAI

Þeir sem kaupa Qashqai eru að leita að fallegum fjórhjóladrifnum bíl sem er hagkvæmur í rekstri og góður í endursölu.

Nissan Qashqai dísil eyðir einungis frá 4,6l/100km

- 20 cm veghæð
- Litaðar rúður
- Tölvustýrð loftkæling
- 5 stjörnu einkunn í Euro NCAP
- Fjórhjóladrif með LOCK stillingum
- Handfrjáls Bluetooth símabúnaður
- Bakkskynjari
- 17“ álfelgur og margt fleira

ENNEMM / SÍA / NM58630

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070



ENNEMM / SIA / NM47860

tl.is

TÖLVU LISTINN

SKÓLATILBO

Yfir 60 gerðir af fartölvum frá fjórum af sterkustu framleiðendum heims !

TOSHIBA

Tölvulistinn er umboðsaðili fyrir Toshiba á Íslandi sem er einn af stærstu framleiðendum heims í fartölvum. Ánægðir fartölvueigendur Toshiba skipta tugþúsundum á Íslandi enda þekktar fyrir að vera traustar tölvur með lága bilanatíðni og langan líftíma. Gæði sem borga sig. Skólalínan frá Toshiba í ár er mjög fjölbreytt á frábærum verðum.

ASUS

Asus er einn stærsti tölvuframleiðandi heims og fartölvulínan frá þeim í ár er mjög fjölbreytt með ótrúlega skemmtilegum nýjungum. Zenbook er lína af Ultrabook vélum frá Asus sem hefur slegið í gegn. Þær eru glæsilega hannaðar, ofurþunnar og eins öflugar eins og fartölvur gerast. Í skólalínunni má meðal annars finna fartölvur með tvíhliða skjá sem líka er hægt að nota sem spjaldtölvu og fartölvur með snertiskjá.

Allir þekkja Apple sem er eitt vinsælasta vörumerki heims. Skólalínan frá Apple samanstendur af hinni örþunnu Macbook Air sem státar af ótrúlegri rafhlöðuendingu og öflugum MacBook Pro með Retina skjá. Tölvulistinn býður Apple skólatölvurnar á lægra verði fyrir skólann.

acer

Tölvulistinn hefur flutt inn Acer í fjölda ára með góðum árangri. Þeir sem velja Acer fartölvu fá mikið fyrir peninginn. Þær reynast vel, endast lengi og eru hagkvæmar í senn. Skólalínan í ár er engin undantekning á því.

OPIÐ
10-18
ALLA VIRKA DAGA
Lokað um verslunarmannahelgina

6 VERSLANIR UM ALLT LAND

0% VEXTIR Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

ÐÐIN ERU KOMIN !

10 bestu ástæður þess að kaupa skólatölvuna í Tölvulistanum !

1. LÆGRA VERÐ
Tölvulistinn er stærsta tölvuverslun landsins með mikinn fjölda viðskiptavina. Vegna vinsælda fartölva fyrir skólann tekst okkur að ná hagstæðari innkaupum með magnkaupum og lækka verðið. Hvort sem þig vantar fartölvu fyrir skólann, heimilið eða vinnuna þá er góður tími núna til að endurnýja.

2. TRAUST MERKI
Við bjóðum einungis upp á fartölvur sem við höfum langa og góða reynslu af. Hjá okkur færðu tölvur frá fjórum af sterkustu fartölvuframleiðendum heims – Toshiba, Asus, Apple og Acer.

3. MIKIÐ ÚRVAL
Í verslunum okkar erum við með yfir 60 gerðir af fartölvum. Eigum allt frá þeim minnstu og einföldustu upp í þær stærstu og öflugustu. Allir geta fundið það sem hentar best.

4. LÁG BILANATÍÐNI
Við veljum framleiðendur sem státa af lágri bilanatíðni. Öll þau vörumerki sem við bjóðum hafa reynst okkar viðskiptavinum vel í fjölda ára. Toshiba og Asus voru með lægstu bilanatíðni allra fartölvuframleiðenda í rannsókn sem var gerð á bilanatíðni 30.000 fartölva hjá Square Trade.

5. TRAUST ÁBYRGÐ
Tölvulistinn hefur rekið öflugt tölvuverkstæði í 19 ár, sem leggur metnað í að veita skjóta og góða þjónustu. Það skiptir miklu máli að versla við trausta aðila með gott þjónustuverkstæði.

6. TOPPÞJÓNUSTA
Við leggjum mikinn metnað á hverjum degi í að að veita toppþjónustu. Sölumenn okkar eru heiðarlegir og tæknilega fróðir. Með okkar mikla úrval geta þeir hjálpað þér að finna hvaða fartölva hentar þér best miðað við þína notkun og óskir.

7. 0% VEXTIR Í 12 MÁNUÐI
Hvaða fartölvu sem þú velur getur þú greitt með því að skipta niður vaxtalaust í 12 mánuði á greiðslukorti. Eini kostnaðurinn felst í 3,5% lántökugjaldi og lágu færslugjaldi kr. 340 á mánuði.

8. GULLTRYGGING
Með 3 ára gulltryggingu Tölvulistans lengist ábyrgðartíminn í 3 ár auk þess sem fartölvan er að fullu tryggð fyrir þjófnaði eða tjóni án sjálfsábyrgðar öll þrjú árin. Gerist ekki betra.

9. SSD STÆKKANLEGAR
Nær allar fartölvur okkar eru breytanlegar fyrir SSD diska. Í ágúst bjóðum við sérstakt tilboð á uppfærslu í SSD. Með SSD verður fartölvan mun hraðvirkari, hljóðlátari og þolir betur hnjask en með hefðbundnum hörðum diski.

10. TVÖFALDAÐU MINNIÐ FYRIR LÍTIÐ
Flestar okkar fartölvur koma með 4GB vinnsluminni. Fyrir aðeins 6.990 færðu tölvuna þína með 8GB vinnsluminni sem stóreykur vinnsluhraða fartölvunnar.



REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

SKOÐUN

Bændur fyrir austan vilja skjóta svan:

Álftin friðuð vegna fegurðar

Alþingi samþykkti friðun álftarinnar fyrir hundrað árum. Rökin fyrir friðun voru einföld; „Svanurinn er hin mesta prýði í íslensku fuglalífi.“ Því var svo spáð í áliti nefndarinnar sem færði rök fyrir friðun að í framtíðinni myndi svanurinn verða spakari og algengari; „verða víðar til yndis og prýði“.

Bændur sem eiga repjuakra við Hornafjörð taka ekki undir þau orð nefndarinnar frá 1913. Þeir segja álftina hlífa engu og að hún hafi lagt kornrækt í Lóni, svo dæmi sé tekið, í rúst. Þeir vilja undanþágu frá umhverfisráðuneytinu til að skjóta álftir sem leggjast á akra þeirra. Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu tekur undir þá kröfu bændanna.

Mikael Torfason
mikael@frettabladid.is

„Það er ekki verið að tala um að skjóta álftina stjórnlaust heldur að menn hafi leyfi til að verja sína akra,“ segir Eiríkur Egilsson, bóndi á Seljavöllum, í Fréttablaðinu í dag. Hann hefur trú á að nýr ráðherra taki vel í beiðni bænda en áður hafa verið sagðar fréttir af ágangi álfta.

Álftin var ekki í útrýmingarhættu fyrir hundrað árum þegar hún var friðuð og hún er það heldur ekki í dag. Á Íslandi er venja að leyfa veiðar á þeim dýrategundum sem ekki eru í útrýmingarhættu. Þannig veiðum við margar tegundir anda og gæsir eru veiddar og bornar fram á veisluborðum. Langir biðlistar eru eftir því að komast á hreindýraveiðar og sumir nýta sel.

En hún er falleg álftin, það verður að segjast, en einhverjum finnst gæsir líka fallegar og hreindýr svo ekki sé minnst á endurnar. Boð og bönn verða að vera rökrétt og eitt verður yfir alla að ganga í þessum efnum. Andfuglar ættu allir að sitja við sama borð en í ættbálki andfugla eru einmitt endur, gæsir og svanir.

Reyndar lýtur friðun fugla á Íslandi oft einkennilegum lögmálum sem eiga kannski ekki mikið skylt við heilbrigða skynsemi. Sumpart skrifast það á hefðir og menningu. Þannig er lóan alfriðuð á Íslandi en Frakkar fara á lóuveiðar og telja vorboðann ljúfmeti mikið.

Mávurinn má sín til dæmis lítils vegna fæðar sem margir leggja á fuglinn. Hann er ekki friðaður og á sér fáa málsvara. Það eru meira að segja uppi hugmyndir um að skjóta hann á sjálfri Tjörninni eins og sagt var frá í fréttum Stöðvar 2 á dögunum. Gott og vel. Slíkt hefur verið gert áður og við höfum að auki eitrað fyrir honum á varpstöðvum. Reykvíkingar vilja ekki að hann trufli endurnar og álftirnar á Tjörninni. Eiríkur á Seljavöllum biðlar einmitt til Reykvíkinga í blaðinu í dag og segir orðrétt að það sé „munur á hvort menn sjá þetta í túninu hjá sjálfum sér eða á Tjörninni í Reykjavík.“

Auðvitað er sjálfsagt að repjubóndinn fái að skjóta álft sem eyðileggur uppskeru og virðist af sterkum stofni sem styrkist ár frá ári. Hins vegar verður í því samhengi að benda á að sértækar lausnir duga mjög skammt og gera oft illt verra til langs tíma litið.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Stefnufesta

Ýmissa grasa kennir í nýútkominni skýrslu greiningardeildar Ríkislögreglustjóra um skipulagða glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum. Sums staðar fer lögreglan út í vangaveltur og gildisdóma, sem einhverjum þykir eflaust skemmtilegt aflestrar. Á einum stað segir til dæmis þetta um liðsmenn vélhjólagengja: „Útlagar þessir hafa sagt skilið við samfélagið og telja sig óbundna reglum þess en athygli vekur að stefnufesta margra þeirra er ekki meiri en svo að þeir telja sjálfsagt að þiggja bætur af ýmsum toga af skattgreiðendum.“

Reyfarakennt

Sums staðar er líka vitnað í nafnlausa heimildarmenn eins og í bestu blaðagrein, svo sem í umfjöllun um stera: „Sterum er líkt við „fljótandi kókaín“ og algengar eru ranghugmyndir um afleiðingar neyslu þeirra. Þeir sem til þekkja kveða sterkt að orði þegar þessum veruleika er lýst og þeim áhrifum á líf og líkama sem langvarandi steranotkun getur haft í för með sér.“ Þetta eru að sumu leyti óvenjuleg stílbrögð hjá **Haraldi Johannessen** og hans mönnum en kannski það sem koma skal í skýrslugerð hins opinbera.

Af hverju svona hissa?

Furðulegt var að hlusta á **Geir Þorsteinsson**, formann Knattspyrnusambands Íslands, lýsa skoðunum sínum á þeirri ákvörðun Arons Jóhannssonar að vilja frekar leika með bandaríska landsliðinu en því íslenska. Geir átti vart orð yfir óánægju sína með málavöxtu – eða jú annars, hann átti reyndar kappnóg af þeim og notaði þau öll. Geir taldi hreinlega að svona ætti þetta ekki að vera, þetta væri í andstöðu við reglur og gott ef ekki anda íþróttarinnar. En nú hefur reyndar verið rætt um þennan möguleika Arons óralengi og menn hafa beðið eftir að hann tæki endanlega ákvörðun. Fór sú umræða fram hjá þeim félögum í KSÍ?

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur P. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

Að gera úlfalda úr mýflugu

KJARAMÁL

Magnús Guðmundsson
formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana

Undanfarnar vikur hafa fjölmiðlar fjallað um þá ákvörðun kjararáðs frá því í lok júní 2013 að leiðrétta kjör nokkurra forstöðumanna ríkisstofnana. Umfjöllunin hefur verið misvísandi og mátt hefur skilja að allir forstöðumenn hafi fengið launahækkanir. Það er rangt og það sem verra er, kjararáð hefur ekki sinnt þeirri skyldu sinni að upplýsa og leiðrétta misskilninginn. Vegna þessa er mikilvægt að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri:

1. Í Félagi forstöðumanna ríkisstofnana eru um 200 forstöðumenn ríkisstofnana sem hafa hvorki verkfallsné samningsrétt.

2. Kjararáði er ætlað samkvæmt lögum að ákveða kjör forstöðumanna ríkisstofnana og ber ráðinu að gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Kjararáð skal samkvæmt lögum ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

3. Ákvörðun kjararáðs frá því í lok júní 2013 varðaði aðeins um tuttugu af 200 forstöðumönnum ríkisstofnana sem eru í forsvari opinberra hlutafélaga.

➜ Umfjöllunin hefur verið misvísandi og mátt hefur skilja að allir forstöðumenn hafi fengið launahækkanir. Það er rangt og það sem verra er, kjararáð hefur ekki sinnt þeirri skyldu sinni að upplýsa og leiðrétta misskilninginn.

Laun þessa litla hóps voru lækkuð mikið og fryst í kjölfar efnahagshrunsins. Með ákvörðun kjararáðs í lok júní 2013 voru laun þessara stjórnenda færð í átt að því sem þau voru fyrir hrun og því var ekki um að ræða launahækkanir heldur leiðréttingar á launalækkunum.

Ákvarðanir um starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana eru með sérstökum hætti eins og að framan greinir en því miður kemur ítrekað upp neikvæð umræða þegar kjararáð ákveður laun þessa hóps. Þessi neikvæða umræða er skaðleg, ekki síst vegna þess að flestir vilja njóta góðrar þjónustu opinberra stofnana s.s. sjúkrahúsa, lögreglu, dómstóla, framhaldsskóla og háskóla. Til þess að svo megi verða þarf góða stjórnendur og öflugt vel menntað starfsfólk sem á skilið virðingu og hrós fyrir störf sín.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
VÍSIR: Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Á morgun er ég múslími

TRÚMÁL

Pétur Björgvin Þorsteinsson
djákni og Evrópufræðingur

Það fallega og dásamlega við okkur mannverurnar er hve miklar félagsverur við erum eða viljum (ekki) vera. Jafnólík sem við erum, þyrstir okkur eftir upplifun í hávaða eða kyrrð. Í fjölbreytni samfélagsins finnum við morgunhana og náttuglur, strákalegar stelpur og stelpulega stráka og ungviði sem hefur kvatt bleikt og blátt og spyr ekki lengur hvað sé stráka- eða stelpulegt.

Með gerðum mínum og orðum hef ég áhrif á fólk. Stundum meðvitað, stundum ekki. Það eru ekki bara mín eigin börn sem verða fyrir áhrifum af því hver ég er og hvað ég geri, heldur líka frændsystkinin, skólafélagar þeirra og börn nágrannanna. Í kringum mig er líka fullorðið fólk. Sumum þykir ekki mikið til þess koma hver ég er og hvað ég geri, aðrir velja að pæla aðeins í mér og nota mig sem viðmið um það sem þau vilja (ekki) gera í eigin lífi. Þannig verða lífsviðhorf mín, tjáning mín á lífsins vegi (ekki) að viðmiði hjá öðrum, rétt eins og vegferð þeirra fær hjarta mitt til að slá örar … eða alls ekki.

Minnihlutahópur

Ekki er liðin nema rúm hálf öld frá því að íslenskum stjórnvöldum þótti rétt að gera sérstakan samning við bandarísk yfirvöld til að tryggja að aðeins fólk af „réttum“ kynþætti sinnti herþjónustu á Íslandi. Blessunarlega veita börn dagsins í dag því oft ekki athygli hvaða grunntónn er í húðlit skólafélaganna. Að loknu erfiðu ferli höfum við flest lært að fegurð lífsins færir okkur fólk sem elskar fólk af sama kyni og er stolt af því að vera samkynhneigt rétt eins og aðrir velja að elska fólk af hinu kyninu. Regnbogafáninn blaktir við hún og vísar veginn áfram til aukinna mannréttinda fyrir transfólk og aðra svonefnda minnihlutahópa.

Við manneskjurnar fundum nefnilega upp orðið „minnihlutahópur“ – vissulega gagngert í þeim tilgangi að minna á tilvist þeirra sem verða undir í mannréttindabaráttunni. Og með fræðslu og auknum skilningi á aðstæðum minnihlutahópa hefur margt áunnist. En eins og allar uppfinningar okkar mannanna eru þær takmörkum háðar. Þannig er það líka með þetta ágæta orð því það felur í sér að til séum „við – meirihlutinn“ og „þau – minnihlutinn“. Sjaldnast dettur okkur í hug að við gætum verið hluti af minnihlutanum, því þau eru svo fá.

Þorum að vera útlendingurinn

Og svo leyfum við okkur að setja alla minnihlutahópana í einn pott. Rétt eins og ég geri hér að framan því það hljómar svo fallega ef við takmörkum orðin okkar við „og þá varð kátt í höllinni“ endir ævintýranna. Um leið og við eigum nokkrar sögur um hve góð „við“ vorum við „þau“ í minnihlutahópunum þá erum við komin með fjarvistarsönnun! Það dettur engum í hug að bendla okkur við brot á réttindum minnihlutahóps.

➜ Ég á mér draum um veröld þar sem „við gerumst þau“, tökum áhættuna og þorum að vera útlendingurinn, flóttamaðurinn, sá aðflutti! Ég tek gjarnan þátt í þvertrúarlegu samtali og þvertrúarlegum athöfnum.

Ég á mér draum um veröld þar sem „við gerumst þau“, tökum áhættuna og þorum að vera útlendingurinn, flóttamaðurinn, sá aðflutti! Ég tek gjarnan þátt í þvertrúarlegu samtali og þvertrúarlegum athöfnum. Um leið og mér er það mikilvægt að bæn mín er flutt í Jesú nafni því að slík er mín trú, þá er ég ófeiminn við að krjúpa á kné í mosku eða öðrum bænahúsum til bænagjörðar með fólki sem á sinn bakgrunn í öðrum trúarbrögðum. Mín hjartans von er sú að mín bæn smiti, hafi áhrif og að einstaklingurinn taki kristna trú. En ég veit líka að samtalið getur haft áhrif á mig.

Á morgun er ég kannski múslími því að einlæg trú systra og bræðra sem ég á samfélag við heillar mig og ég tek ákvörðun um að skrá mig í slíkt trúfélag. Þá er það einlæg von mín að ég geti sinnt mínu helgihaldi í moskunni minni, rétt eins og ég var vanur í kirkjunni minni. „Við“ á Íslandi þurfum að gerast „þau sem vilja mosku á Íslandi“ – þá fær samfélagið að blómstra.

Hræðsluáróðri svarað

UMHVERFISMÁL

Margrét Jónsdóttir
eftirlaunaþegi

Nú er fegursta tíma ársins að ljúka þá er hin himinblá lúpína hefur lokið blómgun. En það er huggun harmi gegn að breiður hennar munu standa grænar langt fram á vetur.

Það er nú að verða árviss atburður að í miðjum blómatíma lúpínunnar hefur upp raust sína Hjörleifur nokkur Guttormsson í þeim tilgangi að telja fólki trú um að þessi „hræðilega“ jurt sé ein „mesta ógnin“ sem nú steðji að okkar gróðurvana landi. En sem betur fer eru mjög fáir sem taka mark á honum, en þó of margir. Þar á meðal eru VG-menn sem, eins og enn er í fersku minni, hlupu til eftir uppskriftum hans og létu Náttúrufræðistofnun og Landgræðsluna gefa út bækling um skaðsemi lúpínu, kjörvells og fleiri duglegra jurta.

Í grein sem hann skrifaði í Mbl. 18. júlí harmar hann að hún skuli valta yfir mela og götótta móa, upp á klettabelti og yfir auðnir landsins, jafnvel áreyrar! Verst þykir honum að hugsa til þess að lúpínan gæti hugsanlega grætt upp megnið af landinu fyrir lok þessarar aldar!

Nóg af mistökum

Hvað er að manni sem fær fólk til að hatast við eina frábærustu jurt jarðar sem hugsanlega gæti grætt upp okkar íslensku eyðimörk sem er um 75% af landinu.

➜ Hvað er að manni sem fær fólk til að hatast við eina frábærustu jurt jarðar sem hugsanlega gæti grætt upp okkar íslensku eyðimörk sem er um 75% af landinu. Ekki bara það heldur verður lífmassi hennar að gróðurríkri mold þar sem aðrar plöntur koma svo til með að nema land er fram líða stundir.

Ekki bara það, heldur verður lífmassi hennar að gróðurríkri mold þar sem aðrar plöntur koma svo til með að nema land er fram líða stundir. Já, hvað er hægt að segja við hann Hjörleif, sem segir að lúpínan sé „mesta ógnin“ sem steðji að þessu ofbitna og gróðurvana landi? Að hann skuli bara fara að eitra, rétt eins og VG-systir hans gerði? Nei, auðvitað ekki. Nóg komið af svoleiðis mistökum.

En við náttúrufræðinginn vil ég segja þetta: Leyfum landinu að gróa sára sinna með lúpínunni ef það er bara hægt. Lífið heldur áfram eftir að við förum héðan og er fram líða stundir kemur að þeim tíma að lúpínan verður í útrýmingarhættu eins og staða hennar er nú í heimalandi hennar, Alaska.

Hættu að hafa þessar áhyggjur og komdu í félagsskap sem heitir „Vinir lúpínunnar“. Þar getur þú fræðst um gagnsemi hennar og annarra „ágengra“ jurta. Græðum landið!

TÍMAMÓT

Elskulegur sambýlismaður,
besti vinur og bróðir,

HILMAR S. JÓNSSON
Þykkvabæ í Landbroti,

lést miðvikudaginn 24. júlí. Útförin fer fram frá Prestsbakkakirkju á Síðu, laugardaginn 3. ágúst kl. 14.00.

Soffía G. Gunnarsdóttir
Ása Gróa, Gunnar Símon og systkini hins látna.

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

GUÐBRANDUR KRISTJÁNSSON
Mávabraut 1A, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 26. júlí. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 1. ágúst kl. 14.00.

Halldóra Kristinsdóttir
Kristinn Guðbrandsson
Bryndís Guðbrandsdóttir
Kristján Guðbrandsson
og barnabörn.
Steindóra Steinsdóttir
Ingimundur Kárason
Íris Ósk Jóhannsdóttir

Okkar ástkæri,

JÓHANNES JÓNSSON
kaupmaður,
Fagraþingi 8, Kópavogi,

lést á Landspítalanum laugardaginn 27. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Guðrún Þórsdóttir
Erna og Þór
Kristín Jóhannesdóttir
Sigurður Rúnar Sveinmarsson
Gunnhildur og Berglind
Jón Ásgeir Jóhannesson
Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir
Ása Karen, Anton Felix, Stefán Franz, Sigurður Pálmi, Júlíana Sól og Melkorka
Ragnheiður Ester Jónsdóttir
Einar Vilhjálmsson

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

SIGURVEIGAR JÓHANNSDÓTTUR
Hrafnistu, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til hjúkrunarfólks og starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun og hlýlegt viðmót.

Þuríður Guðmundsdóttir
Guðríður Guðmundsdóttir
Jónína Þórunn Kristjánsdóttir
Kristján Friðgeir Kristjánsson
Helene H. Pedersen
Guðmundur Þórir Pedersen
Anita Sigurveig Pedersen
barnabarnabörn.
Kristján B. Kristjánsson
Alf H. Pedersen
Leifur Kolbeinsson
Íris Rut Erlingsdóttir
Einar Hjaltason
Berglind Einarsdóttir
Sigurður Einar Marelsson

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna fráfalls og útfarar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

JENSÍNU ÓLAFÍU SIGURÐARDÓTTUR
Hrafnistu við Kleppsveg,
áður til heimilis að
Klapparstíg 7, Reykjavík,

sem andaðist sunnudaginn 7. júlí sl. Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunardeildar A-3, Hrafnistu, Reykjavík.

Guðlaug Þóra Einarsdóttir
Auðunn Sæberg Einarsson
Bríet Einarsdóttir
og barnabörn.
Reynir Einarsson

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

ÞÓRÐUR SÆVAR JÓNSSON
Hrannargötu 2, Flateyri,

verður jarðsunginn frá Neskirkju föstudaginn 2. ágúst kl. 13.00.

Lára Thorarensen
Jón Sævar Þórðarson
Margrét Þórðardóttir
Steingrímur J. Þórðarson
Jakob Hinriksson
Þóra Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Elfa Björt Gylfadóttir
Friðrik Þór Halldórsson
Lind Einarsdóttir
Pricilla Kelly
Björn G. Björnsson

Faðir okkar,

ÁSMUNDUR ÞORBERGSSON
kennari,

lést á heimili sínu í Svíþjóð í júní.
Jarðarförin fer fram i kyrrþey að ósk hins látna

Hólmfríður Ásmundsdóttir
Kristín Ásmundsdóttir
Þorsteinn Ásmundsson

Elskulegur sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

JAKOB MARTEINSSON
frá Hálsi í Kölduknin,
til heimilis að Laugarnesvegi 76, Rvk.,

lést þann 25. júlí á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Hann verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 7. ágúst kl.15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans.

Magnea Sveinbjörg Árnadóttir
Sólveig Björk Jakobsdóttir
Flosi Þórir Jakobsson
Maren Aðalbjörg Jakobsdóttir
Ómar Svavar Jakobsson
Knútur Elvar Jakobsson
Ævar Birgir Jakobsson
Helga Garðarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Hafþór Kristjánsson
Þóra Pétursdóttir
Sonja Jósefsdóttir
Hallbera Bjarnadóttir

INGÞÓR FRIÐRIKSSON
læknir,

sem lést þann 26. júlí, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 2. ágúst klukkan 13.30.

Fyrir hönd annarra vandamanna,
Margrét Tryggvadóttir
Lára Ingþórsdóttir
Orri Ingþórsson

Yndislega móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ANNA MAGNÚSDÓTTIR
frá Hvammi, V-Eyjafjöllum,

lést þriðjudaginn 23. júlí. Útförin fer fram frá Oddakirkju fimmtudaginn 1. ágúst kl. 14.00.

Lóa Rún Kristinsdóttir
Inga Jóna Kristinsdóttir
Eyjólfur Kristinsson
barnabörn og barnabarnabarn.
Örn Þórðarson
Guðjón Sigurðsson
Dagrún Viðarsdóttir

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ÞÓRA GÍSLADÓTTIR

lést laugardaginn 20. júlí. Útförin fór fram í kyrrþey frá Garðakirkju föstudaginn 26. júlí kl.13.00.

Rannveig Helgadóttir
Þröstur Helgason
Einar Pálsson
Eyrún Árnadóttir

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

MATTHÍAS MAGNÚSSON
vélstjóri,
Hraunbæ 84,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar aðfaranótt 28. júlí á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði. Hann verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 8. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á hjúkrunarheimilið Sólvang.

Jóna Lárusdóttir
Halldór Þröstur Matthíasson
Guðrún Aðalheiður Matthíasdóttir
Matthías Brynjar Matthíasson
Sólrún Jóna Matthíasdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Pétur Hilmar Guðbjörnsson

Kaffisopi í boði

Guðfinna Rúnarsdóttir er fimmtug í dag.

„Það er alltaf eitthvað að gerast," segir leikkonan Guðfinna Rúnarsdóttir sem fagnar fimmtíu ára afmæli í dag. Hún hóf nýlega störf á þýðingadeild 365 en hefur frá árinu 1997 verið mjög umfangsmikil í þýðingum og talsetningu á barnaefni og grípur enn í þau störf eftir hentugleikum.

Guðfinna útskrifaðist sem leikari frá The Arts Educational Schools í London árið 1989. Hún var umsjónarmaður Stundarinnar okkar veturinn 1996 til 1997, hefur kennt leiklist og haldið fjölda námskeiða.

FIMMTUG Guðfinna Rúnarsdóttir leikkonaer fimmtug í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðfinna ætlar að taka sér frí í vinnunni í dag. „Ég er búin að baka þrjár kökur og kaffisopinn verður til fyrir þá sem vilja, en kannski er stórhættulegt að minnast á það," segir hún. - kg

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

GUNNAR PÁLSSON
Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður Skúlagötu 20,

andaðist laugardaginn 27. júlí að heimili sínu. Útför auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Margrét Ásta Gunnarsdóttir
Páll Gunnarsson
Björk Gunnarsdóttir

Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og vináttu við fráfall ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

AÐALDÍSAR PÁLSDÓTTUR
frá Skeggjastöðum í Fellum,
húsmóður á Egilsstöðum.

Ólöf Magna Guðmundsdóttir
Anna Heiður Guðmundsdóttir
Guðmundur Gylfi Guðmundsson
Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Bjarni G. Björgvinsson
Reynir Sigurðsson
Anna María Ögmundsdóttir
Gissur Pétursson

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

ELÍN ODDNÝ KJARTANSDÓTTIR

lést föstudaginn 26. júlí.

Valdís Jóhannsdóttir
Bjarki Jóhannsson
og barnabörn.
Gauti Alexandersson
Hafdís Haraldsdóttir

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

BJARNI GEORGSSON
Hátúni 10B, Reykjavík,

er látinn. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 7. ágúst kl.13.00.

Guðfinna Bjarnadóttir
Árni J. Bjarnason
Brynjar Bjarnason
Georg Bjarnason
Birgir Már Guðnason
Jónas Georgsson
Áslaug Georgsdóttir
og barnabarn.
Anna Einarsdóttir
Hafdís Ósk Viðisdóttir

Fjölbreytt úrval legsteina
Frí áletrun og uppsetning

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)

Granithöllin
Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði
www.granithollin.is
Sími 555 38 88

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

INNIPÚKINN Í REYKJAVÍK

Tónlistarhátíðin Innipúkinn fer fram í tólfta skipti í Reykjavík um verslunarmannahelgina. Hátíðin í ár fer fram víða um Reykjavík en aðaldagskráin verður á Faktorý. Boðuð er sjóðheit dagskrá og ýmislegt til gamans gert. Margir þekktir tónlistarmenn koma fram á Innipúkanum að þessu sinni.

White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél *12 kg* Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

AFTUR Á ÞJÓÐHÁTÍÐ

FJÖR *Stuðmenn fagna 30 ára afmæli kvikmyndarinnar Með allt á hreinu á tónleikum á Þjóðhátíð í Eyjum um helgina. Þessi vinsæla bíómynd var einmitt að hluta til kvikmynduð þar.*

Stuðmenn eru ekki ókunnugir Þjóðhátíð í Eyjum þar sem þeir tróðu upp fyrr á árum. Nú verður leikurinn endurtekinn en Tómas Tómasson, bassaleikari hljómsveitarinnar, segir að tónleikarnir verði á föstudagskvöldið. „Þeir verða svipaðir og í Hörpu í vetur. Áður fyrr lékum við öll kvöldin í Eyjum en nú verðum við aðeins þetta eina kvöld," segir hann. „Hljómsveitin hafði verið í langri pásu þegar tónleikarnir voru haldnir í Hörpu en nú eru allir í fínu formi og áherslan er á tónlistina úr myndinni Með allt á hreinu," segir Tómas.

Það er ljóst að gestir ættu að geta sungið með hljómsveitinni. Flestir kunna smellina sem einkenndu bíómyndina, eins og Einsa kalda. Tómas segist vonast til að veðrið verði gott um helgina. „Síðast þegar við vorum á Þjóðhátíð rigndi óskaplega en þá spiluðum við á gamla sviðinu. Ég hlakka mikið til að troða upp á nýju og glæsilegu sviði. Þar er miklu betri aðstaða og útsýni fyrir áhorfendur," segir Tómas sem segist aldrei hafa farið á Þjóðhátíð til að skemmta sér, aðeins öðrum. „Ég fór einu sinni á útihátíð í Húsafelli. Þá var ég 14 ára og hlustaði á Hljóma. Fljótlega eftir það fór ég að spila um verslunarmannahelgar. Það voru eingöngu vinnuferðir."

Stuðmenn léku í mörg ár í Atlavík um verslunarmannahelgina. „Þar var alltaf mikill mannfjöldi sem kom alls staðar að af landinu," segir Tómas. Margir muna eftir því þegar bítillinn Ringo Starr mætti þangað árið 1984 á vegum hljómsveitarinnar og Tómas minnist þess með gleði. „Það var eiginlega tilviljun að hann var ekkert að gera þessa helgi og gat komist til að spila með okkur."

OBBLADÍ
Tómas er tónlistarstjóri á litlum bar sem heitir Ob-la-dí en þar eru tónleikar allar helgar. Þessa helgina verður hins vegar troðið upp í Eyjum og í Húsdýragarðinum.
MYND/ARNÞÓR

FRÆGUR
Frægt atriði úr kvikmyndinni Með allt á hreinu.

ÚTSALA
Flottur fatnaður á frábæru verði.

30% afsláttur
af öllum útsölufatnaði.

Gerið góð kaup.

Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laug.d. 3 ágúst kl. 10 - 14..

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516

Klikið á myndir og verð á Facebook



Útsalan
á fullu. Allt að
70% afsláttur
Allt á að seljast verslunin hættir
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16
NÆG BÍLASTÆÐI

BUMBUBRAUÐSFRÍ

HEITT *Nýtt ferðaæði breiðist nú út eftir að ríka og frægа ólétta fólkið tók upp á því að fara í verðskuldað bumbufrí áður en erfinginn kemur heiminn.*

Þetta nýja æði kallast upp á ensku „babymoon“ í samhengi við hveitibrauðsdagana „honeymoon“ og getur verið allt frá rómantískum dögum á afskekktri eyju til sjarmerandi borgarferða. Þessi nýja tískusveifla er upprunnin frá heimsfrægum bumbulínum sem skotist hafa með barnsfeðrum sínum til að eiga rómantískan ástafund fjarri heimahögum áður en bleiuskipti og vökunætur taka við.

Í Evrópu eru ferðaskrifstofur farnar að bjóða upp á sérstaka „babymoon-pakka“. Það gefur auga leið að bumbubrauðsdagar eru kærkomnir fyrir verðandi foreldra með slökun, góðum mat, dekri og rómantík á framandi slóðum eða bara sveitabíltúr í sumarbústað til að njóta fersks lofts, rólegra göngutúra og snarks í arni.

- Fyrir matarsinnaðar bumbulínur er Ítalía kjörin til himneskra matarupplifana og ekki amalegt að koma sér fyrir í rólegu sveitaþorpi í Toskana. Ítölsk matargerð er hentug fyrir vanfærar konur sem þurfa að gæta að mataræðinu sínu og fjölbreytt úrval pastarétta, fersks salats og sætabrauðs þar að finna.
- Fyrir rómantískar bumbulínur er gríska eyjan Lefkada ósnortin og friðsæl. Eyjan er fjalllend með grænar og gróskumiklar sveitir, unaðslegar strendur og afslappað andrúmsloft. Í gömlu þorpunum er eins og tíminn hafi staðið í stað áratugum saman.
- Fyrir bumbulínur með börn fyrir er tilvalið að skella sér á sólarströnd þar sem nóg er af afþreyingu til sjós og lands og hægt að njóta góðs matar og hvíldar við sæinn.
- Fyrir menningarlega sinnaðar bumbulínur er Dyflinn á Írlandi heillandi borgarferð. Dyflinn er umvafin fallegum sveitum og íbúarnir orkumikið og skemmtilegt fólk. Enginn skortur er á fallegum arkitektúr, freistandi veitingastöðum, verslunum, listasöfnum og galleríum ásamt fjölbreyttum menningarviðburðum á götum úti.
- Fyrir lúxussinnaðar bumbulínur er tilvalið að leigja konunglega villu á Sikiley og lifa eins og prinsessa með útsýni yfir eldfjalladrottninguna Etnu, stórbrotið sólarlag og himneska strandlengju.

SVEITASÆLA Það þarf ekki að fara lengra en út í náttúruna til að komast í friðsæld og rómantískar aðstæður.

EINSTAKUR TÍMI
Eftir að börnin koma í heiminn fækkar yfirleitt tækifærum para til rómantískra ferðalaga.

BORGARRÓMANTÍK
Strætóferð í tveggja hæða strætó Dyflinnar skapar hjartfólgnar minningar.

GLENS
Það má ekki gleyma að leika sér og hafa gaman þótt ábyrgðarmikið foreldrahlutverk sé næst á dagskrá.

LOKA - ÚTSALA
Núna færðu 50% viðbótar-afslátt af öllum útsöluvörum
Flott föt fyrir flottar konur
Stærðir 38-58
Verslunin Belladonna á facebook
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

VEIÐI UM VERSLÓ!
Laxá í Kjós 1-4 ágúst og 4-7 ágúst, tvær stangir lausar!
Grímsá 2-4 ágúst og 4-6 ágúst, tvær stangir lausar!
LAX LAX LAX OG AFTUR LAX!
WWW.HREGGNASI.IS
HREGGNASI
Nánari upplýsingar: Júlíus 892-9263, julli@hreggnasi.is

ÞURRT OG HEITT Í ÓSLÓ

SÓL

Norðmenn segja að júlí stefni í að verða þurrasti júlímánuður sögunnar. Hitinn hefur þó ekki slegið hitametið frá árinu 2009 þegar hann fór yfir 30 stig. Sérstaklega á þetta við suður- og austurhluta landsins. Veðurstofan yr.no hefur varað við hættu á skógareldum, að því er vefur NRK greinir frá. Meðalhiti er tveimur gráðum hærri en í venjulegu ári. Venjulega eru fimm dagar að sumri með hita yfir 25 stig en í þessum mánuði hafa þeir verið 12.

GOTT VEÐUR Norðmenn geta ekki kvartað yfir sumrinu.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

MIÐVIKUDAGUR 31. JÚLÍ 2013
11. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2

PERSON OF INTEREST
Orðinn einn vinsælasti sjónvarpsþáttur veraldar

SJÁLFSTÆTT FÓLK
Þrettán ára samfelld ganga á Stöð 2

ÓLAFUR ARNALDS SEMUR TÓNLISTINA Í BROADCHURCH
„Gífurleg reynsla fyrir mig"

HEIMSMEISTARAMÓT ÍSLENSKA HESTSINS

Í BEINNI FRÁ BERLÍN

ALLIR KEPPNISDAGARNIR Í BEINNI Á STÖÐ 2 SPORT FRÁ MORGNI TIL KVÖLDS

FRÁBÆR TILBOÐ Í STÖÐ 2 VILD

HÁTT Í FIMMHUNDRUÐ HEIMILDARMYNDIR

Þátturinn Sjálfstætt fólk hefur verið á dagskrá Stöðvar 2 í þrettán ár og heldur áfram göngu sinni í haust. Viðmælendur hingað til eru hátt í fimm hundruð og er þátturinn með þeim sem hlotið hafa einna flestar Eddur.

SJÁLFSTÆTT FÓLK
Sunnudaga 19:40

Þátturinn Sjálfstætt fólk heldur áfram samfelldri þrettán ára göngu sinni á Stöð 2 í haust. Þátturinn er meðal þeirra sem flest verðlaun hafa hlotið í sögu Edduverðlaunanna; hefur fengið átta tilnefningar og þrjár Eddur. Viðmælendur hingað til eru hátt í fimm hundruð talsins. „Þetta eru á fimmta hundrað heimildarmyndir um Íslendinga. Okkar nýja Árnasafn," segir Jón Ársæll og brosir í kampinn.

En hver er hugmyndin að baki þáttunum? „Hugmyndin er sú að dvelja með fólki, vinna með því, taka á með því og jafnvel sofa hjá því en þannig koma leyndarmálin í ljós. Hver maður hefur mikla sögu að segja ef aðeins er lagt við hlustir," upplýsir Jón Ársæll. Hann segir hugmyndir frans-svissneska uppeldisfræðingsins Jean-Jacques Rousseau um að maðurinn sé í sínu innsta eðli góður líka liggja til grundvallar. „Ég vil ekki skylmast við fólk. Mér þykir vænt um viðmælendur mína og trúi þeim. Og þá erum við komin að öðrum uppeldis- og sálfræðingi, ekki ómerkari manni en Sigmund Freud, sem sagði manninn úða út frá sér upplýsingum og leyndarmálum ef aðeins væri dvalið með honum. Þetta er þó enginn sérstakur leyndarmálaþáttur heldur snýst þetta um að kynnast fólki, upplifa nærveru þess og koma henni til skila heim í stofu."

Steingrímur Jón Þórðarson hefur unnið með Jóni Ársæli frá upphafi en hann er, ásamt því að vera framleiðandi og meðstjórnandi, tökumaður og klippari. Þeir hafa svo notið liðsinnis fjölmargra reynslubolta á Stöð 2, eins og Freys Einarssonar og Pálma Guðmundssonar. „Þriðji stýrimaður kom svo nýlega inn í þetta með okkur en það er hún Sigríður Guðlaugsdóttir, fyrrverandi fréttamaður á Stöð 2. Hún er mikill fengur og hefur gert ómetanlegt gagn en hún vinnur meðal annars hluta rannsóknarvinnunnar."

Jón Ársæll lofar góðum vetri. „Við stefnum á að gera enn betur í vetur. Við erum þegar búin að negla nokkra viðmælendur og ég get eiginlega lofað því að þetta hefur aldrei verið betra, enda skilar reynslan sínu." Jón Ársæll vill þó ekki gefa upp hverjir viðmælendurnir verða. „Við reynum líka að byggja sem mest á nýbökuðu brauði og velja rétt fólk í þáttinn á réttum tíma. Oftast hefjum við tökur fyrri hluta vikunnar og tökum seinni hluta hennar í vinnslu til að þátturinn sé eins ferskur og kostur er.

Næstkomandi mánudag verður sérstakur aukaþáttur helgaður minningu Jóhannesar Jónssonar kaupmanns. Þátturinn verður í opinni dagskrá klukkan 19.

KRAKKARNIR NOTA OZ-APPIÐ

Oz-appið hefur náð mikilli útbreiðslu á skömmum tíma. Það er þó ekki bara fullorðna fólkið sem nýtir sér það til að horfa á sjónvarpsútsendingar og taka upp efni. Yngsta kynslóðin er einnig duglegur við að nýta sér kosti þess enda afar heppilegt að geta safnað saman barnaefni til að horfa á síðar, hvort sem það er heima fyrir eða á ferðalögum.

Guðrún Svava Gunnlaugsdóttir er móðir fjögurra barna á aldrinum sjö til átján ára. Sá yngsti er duglegur við að taka bæði upp efni og horfa á sjónvarpsútsendingar. „Yngsti sonur minn safnar bæði teiknimyndum og kvikmyndum af barnastöðvunum og Stöð 2 Bíó. Hann hefur nýtt sér þessa þjónustu mikið og horft á efnið bæði gegnum iPad fjölskyldunnar og eins gegnum iPod Touch sem hann á sjálfur. Þannig hefur hann til dæmis safnað og horft á Spy Kids og kvikmyndina um Villa og Sveppa. Með sama hætti hefur hann safnað Svampi Sveinssyni, Strumpunum og Madagascar sem hann er mjög hrifinn af. Sjálf hef ég reynt að safna ýmsu efni til að horfa á síðar, bæði þáttum og kvikmyndum. Það er rosalega gott að geta safnað þessu efni saman og horft á þegar betri tími gefst."

Þegar fjölskyldumeðlimir eru sex en bara tvö tæki sem innihalda oz-app geta eðlilega ekki allir nýtt sér það á sama tíma. „Sá yngsti hefur verið duglegastur, og ég safna sjálf efni. Síðan á elsta barnið iPhone-síma þannig að hún fer vafalaust bráðlega að nýta sér þessa þjónustu með sama hætti og við."

Fjölskyldan tekur ekki bara upp efni heldur notar oz-appið líka til að horfa á sjónvarpsútsendingar. „Það kemur fyrir hér eins og á fleiri fjölmennum heimilum að sjónvarpið er upptekið. Þá er gott að hafa oz-appið ef aðrir fjölskyldumeðlimir vilja horfa á aðrar sjónvarpsstöðvar. Þessi nýja þjónusta er virkilega spennandi viðbót og við eigum bara eftir að nýta hana meira á næstunni."

Ekki eru allar spjaldtölvur eða önnur tæki sem keyra oz-appið með þráðlaust net, sem þarf til að sækja efnið sem safnað er. Það kemur þó lítið að sök segir Guðrún. „Það er svo víða hægt að komast inn á þráðlaust net, til dæmis á ferðalögum um landið eða á kaffihúsum, þannig að hægt er að nýta oz-appið líka þótt maður sé ekki heima hjá sér. Síðan hafa auðvitað margir þráðlaust net í tækjum sínum og þá er hægt að nýta það auðvitað alls staðar."

HEIMSMEISTARAMÓT ÍSLENSKA HESTSINS Í BEINNI Á STÖÐ 2 SPORT

Heimsmeistaramót íslenska hestsins verður haldið í Berlín í Þýskalandi dagana 4.-11. ágúst og verður Stöð 2 Sport með beinar útsendingar frá mótinu alla keppnisdagana.

Heimsmeistaramót íslenska hestsins er að þessu sinni haldið í höfuðborg Þýskalands og er þetta í fyrsta sinn sem mótið er haldið í miðri stórborg. Það þykir vel við hæfi þar sem Þýskaland er mekka íslenska hestsins á meginlandinu.

Setningarathöfn mótsins fer fram á sunnudag og þá mun Dorrit Moussaieff forsetafrú, ríða í gegnum Brandenborgarhliðið í Berlín.

Mikill áhugi er fyrir mótinu, bæði á Íslandi og meðal aðdáenda og eigenda íslenskra hesta um víða veröld. Um tvö þúsund Íslendingar hafa pantað sér miða á mótið en reiknað er með þrjátíu þúsund áhorfendum á mótið.

Íslenskir hestar frá 15 löndum munu taka þátt í heimsmeistaramótinu í Berlín en alls eru 163 þátttakendur skráðir til leiks, þar á meðal 8 fyrrverandi heimsmeistarar. Á heimsmeistaramótinu er sjö keppnisgreinar; tölt, slaktaumatölt, fjórgangur, fimmgangur, gæðingaskeið, 250 metra skeið og 100 metra flugsskeið. Kynbótahross eru einnig metin á sérstökum kynbótasýningum. Þar eru þau bæði dæmd með tilliti til byggingar sinnar og líkamsgerðar og einnig með tilliti til hæfileika sinna og ganglags.

DAGSKRÁ MÓTSINS

SUNNUDAGUR 4. ÁGÚST

13:00	Opnunarhátíð

MÁNUDAGUR 5. ÁGÚST

06:00-15:00	Kynbótahross - byggingadómar
15:30-16:40	Kynbótahross – reiðdómar 5 vetra hryssur

ÞRIÐJUDAGUR 6. ÁGÚST

06:30-10:15	Fjórgangur (V1) forkeppni
10:15-11.30	Hlé
11:30-15:30	Fjórgangur (V1) forkeppni
15:15-17:55	Kynbótahross – reiðdómar 6 vetra og 7 vetra og eldri hryssur

MIÐVIKUDAGUR 7. ÁGÚST

06:00-10:30	Kynbótahross – reiðdómar stóðhestar – allir flokkar
11:30-14:15	Fimmgangur (F1) forkeppni
14:15-14:45	Hlé
14:45-17:30	Fimmgangur (F1) forkeppni

FIMMTUDAGUR 8. ÁGÚST

06:30-09:15	Slaktaumatölt (T2) forkeppni
09:15-09:45	Hlé
09:45-11:30	Slaktaumatölt (T2) forkeppni
12:00-13:30	Yfirlitssýning hryssur
14:00-14:45	Fjórgangur (V1) A-úrslit ungmenna
15:30-17:30	Gæðingaskeið (PP1)
17:30	Gæðingaskeið (PP1) verðlaunaafhending

FÖSTUDAGUR 9. ÁGÚST

06:30-10:15	Tölt (T1) forkeppni
10:15-11:30	Hlé
11:30-13:15	Tölt (T1) forkeppni
13:30	Slaktaumatölt (T2) A-úrslit ungmenna
14:45-16:15	250 m skeið (P1) undan riðlar
16:30	Ræktunarbússýningar

LAUGARDAGUR 10. ÁGÚST

07:00-07:45	Slaktaumatölt (T2) B-úrslit
09:00-09:45	Fimmgangur (F1) A-úrslit ungmenna
09:00-09:45	Tölt (T1) B-úrslit
10:00-11:30	Kynbótahross – yfirlitssýning stóðhestar
12:00	Sigurvegarar eldri móta
12:45-14-15	250 m skeið (P1) undariðlar
14:15-14:30	250 metra skeið (P1) Verðlaunafhending
14:30-15:15	Kynbótahross – hryssur - kynning
15:45-16:30	Fjórgangur (V1) B-úrslit
16:45-17:30	Fimmgangur (F1) B-úrslit

SUNNUDAGUR 11. ÁGÚST

07:15-08:00	Slaktaumatölt (T2) A-úrslit
08:15-09:00	Tölt (T1) A-úrslit ungmenna
09:15-10:00	Tölt (T1) A-úrslit
10:00-10:45	Kynbótahross – stóðhestar - kynning
11:15	100 m fljúgandi skeið (P2)
12:30	100 m fljúgandi skeið (P2) Verðlaunaafhending
13:00	Fjórgangur (V1) A-úrslit og sameiginlegur sigurvegari í fjórgangi tilkynntur
	Fimmgangur (F1) A-úrslit og sameiginlegur sigurvegari í fimmgangi tilkynntur
14:00	Lokaathöfn og verðlauna afhending

Setningarathöfn mótsins fer fram á sunnudag og þá mun Dorrit Moussaieff ríða í gegnum Brandenborgarhliðið.

JÓHANNES HAUKUR

velur besta svarið í lokaþættinum

BESTA SVARIÐ
Föstudaga kl. 20.15

Lokaþátturinn af hinum stórskemmtilegu þáttum Besta svarið verður á dagskrá Stöðvar 2 næstkomandi föstudag. Gestur þáttarins verður Jóhannes Haukur leikari.

Sveppi, stjórnandi þáttanna, segist vera afar sáttur með þáttaröðina sem er að ljúka. „Þetta hefur allt gengið ótrúlega vel og við höfum fengið góð viðbrögð, enda væri annað agalegt," segir Sveppi. „Þátturinn er skemmtilegur frá upphafi til enda og það er alltaf jafn gaman heyra svörin frá vinunum," útskýrir Sveppi.

Gestir þáttarins í sumar hafa komið úr ýmsum áttum. „Sá gestur sem kom mér hvað mest á óvart var Jóhannes Haukur. Ég þekki hann vel og vissi ýmislegt um hann en í þættinum kemur í ljós hvaða mann hann hefur að geyma og hvað hann talar ótrúlega mikið. Allir gestirnir voru þó frábærir og það var heiður að fá þá í heimsókn," segir Sveppi.

Þátturinn á föstudaginn hefst klukkan 20.15. Jóhannes Haukur mætir ásamt vinum sínum Guðjóni Davíð Karlssyni, Guðjóni Þorsteini Pálmarssyni og Kjartani Arnaldi Hlöðverssyni. Í þættinum kemur meðal annars í ljós hvaða leikrit Jóhannes sér mest eftir að hafa leikið í og hvaða manneskju hann myndi helst vilja sjá hverfa. Ekki missa af stórskemmtilegum lokaþætti af Besta svarinu.

21.00 Hljómsveitin **Grísalappalísa** heldur útgáfutónleika á morgun á tónleikastaðnum Faktorý vegna nýútkominnar plötu sinnar ALI. Á þessu kvöldi verða þeim innan handar reggí-stórsveitin Ojba Rasta og Dj. flugvél og geimskip. Dagskráin hefst kl. 21.00 og miðaverð er 1000 kr.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

Undarleg hegðun Bruce

Leikarinn Bruce Willis þykir hafa sýnt afar einkennilega hegðun í viðtölum í fjölmiðlum á undanförnum mánuðum.

Hann gerði sjálfum sér engan greiða í nýlegu kynningarviðtali vegna myndarinnar Red 2 á dögunum þegar hann mætti til leiks í hvítum baðslopp utan yfir skyrtu og buxur. Viðtalið þykir hið vandræðalegasta enda spyr spyrillinn ekki út í furðulegt fataval Bruce, heldur reynir að halda andlitinu og bera sig fagmannlega. Einnig var Bruce afar lengi að svara spurningunum sem fyrir hann voru lagðar og virtist leiðast mjög.

SKRÝTINN Bruce Willis þykir skrýtinn í framkomu þegar hann fer í viðtöl þessa dagana. MYND/GHETTY

STUTTSKÍFA KEMUR ÚT Kimono gefur út stuttskífuna Aquarium í dag. Sveitin kemur svo fram á tónleikum annað kvöld. MYND/VALDÍS THOR

Ný stuttskífa komin

Hljómsveitin Kimono gefur út nýja stuttskífu í dag.

Hljómsveitin Kimono gefur út stuttskífuna Aquarium í dag og spilar á útgáfutónleikum á Faktorý annað kvöld. Sveitin hyggst jafnframt nýta tækifærið til að kveðja tónleikastaðinn sem verður brátt lokað.

Á stuttskífunni er tuttugu mínútna langt lag sem er afrakstur áframhaldandi vinnu tríósins með hið lifandi upptökuform sem heyra mátti á síðustu plötu þess, Easy Music for Difficult People.

„Þetta gerist bara stundum. Við höfum alltaf troðið mörgum hugmyndum inn í hvert lag og þarna gleymdum við okkur og fórum langt yfir strikið," segir Gylfi Blöndal, gítar- og bassaleikari, þegar hann er spurður út í lengd lagsins. Hann segir enn óákveðið hvort lagið verði spilað á tónleikunum annað kvöld. „Við erum að velta þessu fyrir okkur. Það gæti þó vel verið að við tökum það í einhverri mynd á tónleikunum."

Fólki gefst kostur á að streyma stuttskífuna á Soundcloud og Youtube í dag eða kaupa hana til niðurhals á Bandcamp. Tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 22 á Faktorý annað kvöld og er aðgangseyrir 1.500 krónur. - sm

Eddie Murphy snýr aftur sem Axel Foley í Beverley Hills Cop 4

Ný mynd um Beverley Hills lögguna er í vinnslu í stað sjónvarpsþáttaraðar.

Undirbúningur er hafinn að fjórðu kvikmyndinni um Axel Foley, Beverley Hills-lögguna, með Eddie Murphy í aðalhlutverki.

Vísir greindi frá því á dögunum að sjónvarpsþættir byggðir á hinum fornfrægu Beverly Hills Cop-myndum hafi verið í bígerð, en í þetta sinn átti sonur hins broshýra Axel Foley að leysa vandann í þáttum sem CBS-sjónvarpsstöðin hafði áhuga á að framleiða.

Murphy og höfundur Shield-þáttanna, Shawn Ryan, framleiddu prufuþáttinn.

Prufuþátturinn hefur greinilega ekki fallið að smekk yfirmanna hjá CBS því að nýlega bárust þær fréttir að sjónvarpsstöðin hefði ákveðið að halda ekki áfram gerð sjónvarpsseríunnar.

Aðdáendur myndanna höfðu margir hverjir beðið í ofvæni eftir þáttaröðinni. Hins vegar hafa sögusagnir farið í gang þess efnis að ný kvikmynd verði framleidd í stað þáttanna.

Þannig segir sagan að ný kvikmynd sé í undirbúningi, sú fjórða í röð Beverley Hills Cop-myndanna, sem mun skarta Eddie Murphy í aðalhlutverki nú líkt og áður.

EDDIE MURPHY Lék síðast í Beverley Hills Cop-mynd árið 1994.

Síðustu Beverley Hills Cop-myndinni, sem var númer þrjú í röðinni, var leikstýrt af John Landis og kom út árið 1994. - ósk

Segjum sögur á stærsta farsímaneti landsins

EINLÆG Katy Perry veitti tímaritinu Elle innilegt viðtal. NORDICPHOTOS/GETTY

Elskar Rihönnu

Katy Perry er forsíðustúlka breska Elle í september.

Katy Perry kveðst hafa sent leikkonunni Kristen Stewart smáskilaboð eftir sambandsslit Stewart og Roberts Pattinson. Þetta kemur fram í viðtali sem söngkonan veitti breska Elle.

„Ég sendi henni skilaboð sem í stóð: Ég veit að þú hefur lesið ýmislegt en þú veist að ég mundi aldrei sýna þér óvirðingu. Ég er ekki þannig gerð. Ég er bara vinkona hans og því miður er ég með tvö brjóst," sagði söngkonan sem sást ítrekað með Pattinson eftir sambandsslitin. Sjálf er Perry á föstu með söngvaranum John Mayer, en parið hefur verið sundur og saman undanfarið ár. „Hann dró sig í hlé og ég áttaði mig á því að ég gæti misst manneskju sem ég elskaði. Ég varð að takast á við vandamál mín. Maður getur verið sterkur á einu sviði en undirgefinn á öðru."

Perry ræddi einnig vinasamband sitt og söngkonunnar Rihönnu. „Ég elska hana og í hvert sinn sem ég hitti hana er ég minnt á ljósið sem hún ber í brjósti sér. Það er margt vont í þessum bransa. Ég þekki marga sem leyfa skaðlegu fólki að umkringja sig, því miður er þeim ekki viðbjargandi."

olís
Vinur við veginn

Smellugas fyrir grillið, útileguna og heimilið

Einfalt, öruggt og þægilegt!

PIPAR\TBWA-SÍA - 131955

Segðu sögu með Galaxy
Young eða SII Plus

Veldu Snjallpakka sem passar þér!

Snjallpakkinn er frábær áskriftarleið þar sem þú færð SMS, gagnamagn og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma óháð kerfi. Engin upphafsgjöld eru af inniföldum mínútum.

Sumarglaðningur

3 GB og 3000 SMS á mán. fylgja öllum Snjallpökkum til 31. ágúst.

Samsung Galaxy
SII Plus
3.990kr.
Á mánuði í 18 mánuði*
64.900 kr. stgr.

Bættu við Snjallpakka
500
4.990 kr./mán.
500 mín. | 500 SMS | 500 MB

Samsung Galaxy
Young
2.190kr.
Á mánuði í 12 mánuði*
24.900 kr. stgr.

Bættu við Snjallpakka
300
3.490 kr./mán.
300 mín. | 300 SMS | 300 MB

*Greiðslugjald 340 kr. bætist við mánaðargjald.

ENNEMM / SÍA / NM58181

Síminn

SMÁRA BÍÓ — HÁSKÓLA BÍÓ

SMÁRABÍÓ 5%

STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL	KL. 3.20 - 5.40 - 8	L
STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL	KL. 3.20 - 5.40	L
STRUMPARNIR 3D ENS. TAL ÓTEXT.	KL. 5.40 - 10.20	L
WOLVERINE 3D	KL. 8 - 10.40	14
WOLVERINE 3D LÚXUS	KL. 5.20 - 8 - 10.40	14
GROWN UPS 2	KL. 8 - 10.20	L
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN 3D ÍSL. TAL	KL. 3.20 - 5.40	L
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN 2D ÍSL. TAL	KL. 3.20	L
RIPD 3D	KL. 10.30	10
THE HEAT	KL. 8	12

HÁSKÓLABÍÓ 5%

STRUMPARNIR 2D/3D ÍSL. TAL	KL. 5.40	L
ONLY GOD FORGIVES	KL. 8 - 10.10	16
WOLVERINE 3D	KL. 8 - 10.40	14
GROWN UPS 2	KL. 5.40 - 8 - 10.20	L
RIPD 2D	KL. 8	10
THE HEAT	KL. 5.30	12
THIS IS THE END	KL. 10.10	16

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIDI.IS

STRUMPARNIR 3D	KL. 6	L
ONLY GOD FORGIVES	KL. 8 - 10	16
WOLVERINE 3D KL. 10	GROWN UPS 2 KL. 6 - 8	L

midi.is — Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 — 5%

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
ONLY GOD FORGIVES	6, 8, 10	16
STRUMPARNIR 2	3.50, 6 3D	L
STRUMPARNIR 2	3.50 2D	L
GROWN UPS 2	6, 8	L
R.I.P.D.	8, 10 3D	10
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN	3.50 2D	L
THE HEAT	10.10	12

SAMBÍÓIN — SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

RED 2	KL. 5:40 - 8 - 10:30	12
RED 2 VIP	KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	
GAMBIT	KL. 6 - 8:30 - 10:30	7
PACIFIC RIM 3D	KL. 5:15 - 8 - 10:45	12
MONSTERS UNIVERSITY ÍSL.TAL 3D	KL. 3:20	L
MONSTERS UNIVERSITY ÍSL.TAL 2D	KL. 3 - 3:20 - 5:40	L
MONSTERS UNIVERSITY ENS.TAL 2D	KL. 3:40 - 8	L
WORLD WAR Z 2D	KL. 6 - 8 - 10:30	12
THE LONE RANGER	KL. 10:20	12
SAMMY 2 ÍSL.TAL 2D	KL. 4 TILBOÐ 400 KR.	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

RED 2	KL. 8 - 10:30	12
GAMBIT	KL. 8	7
MONSTERS UNIVERSITY ÍSL.TAL 3D	KL. 5:40	L
WORLD WAR Z 3D	KL. 10:45	12
THE LONE RANGER	KL. 10	12

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

RED 2	KL. 8 - 10:30	12
SMURFS 2 ÍSL.TAL 3D	KL. 3	L
SMURFS 2 ÍSL.TAL 2D	KL. 3:20 - 5:40	L
THE WOLVERINE 3D	KL. 5:20 - 8 - 10:40	12
PACIFIC RIM 3D	KL. 8 - 10:45	12
MONSTERS UNIVERSITY ÍSL.TAL KL. 2D: 2:30 - 5:40 3D: 3		L
WORLD WAR Z 2D	KL. 8 - 10:30	12

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

SMURFS 2 ÍSL.TAL 3D	KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8	L
SMURFS 2 ÍSL.TAL 2D	KL. 1 - 3:20 - 5:40	L
RED 2	KL. 8 - 10:30	12
GAMBIT	KL. 8	7
PACIFIC RIM 2D	KL. 10:20	12
MONSTERS UNIVERSITY ÍSL.TAL 3D	KL. 1:20 - 3:40	L
WORLD WAR Z 2D	KL. 10	12
THE BIG WEDDING	KL. 6	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

RED 2	KL. 8 - 10:10	12
SMURFS 2 ÍSL.TAL 3D	KL. 5:40	L
THE WOLVERINE 3D	KL. 10:30	12
MONSTERS UNIVERSITY ÍSL.TAL 2D	KL. 5:40	L
GROWN UPS 2	KL. 8	

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

Ógeðslega góð með sig

BAKÞANKAR
Höllu Þórlaugar Óskarsdóttur

Hún greip fram í fyrir kynninum, mótmælti og hló ekki að bröndurunum hans. Hún sló hann út af laginu og hálfpartinn gerði lítið úr innleggjum hans. Var í það minnsta mjög ósammála. Ég sat í áhorfendaskaranum og hugsaði hneyksluð: „Ógeðslega er hún góð með sig!“

KONAN sem vakti þessi viðbrögð mín er raunar frábær rithöfundur sem hefur náð langt. Og í miðri hugsun laust annarri í huga mér. Hvað ef þetta hefði verið karlmaður? Mér finnst alltaf ljótt að grípa fram í og ég held því alls ekki fram að það sé siður karlmanna. Ég er bara ekki viss um að ég hefði tekið eftir neinu athugaverðu ef rithöfundurinn hefði verið karlkyns. En þarna sat ég og dæmdi kynsystur mína fyrir að standa á skoðunum sínum. Og skammaðist mín ofan í tær.

ÉG er flinkari að „photo-shoppa“ en flestir karlkyns vinir mínir. Ég er líka með tölvumál og tækni betur á hreinu en velflestir þeirra. Engin ástæða er til að metast um það, en ef aldrei á reynir munu allir gera ráð fyrir að því sé öfugt farið. Jafnvel ég.

„SAKLAUS uns sekt er sönnuð“ er sagt í lagaumhverfinu. Í samfélaginu virðist hið sambærilega gilda, að strákurinn sé klárari uns stelpan sannar sig.

Í gegnum skólagönguna sat ég gjarnan á mér þegar kennarar báðu strákana um aðstoð með „tölvuvesen“. Stundum gátu þeir hjálpað, stundum ekki. Ég vissi oft nákvæmlega hvað var að. Svo fór ég að efast. Kennarinn hringdi nefnilega frekar í „tölvukarlinn“ en að spyrja hvort einhver stelpa gæti hjálpað. Og með tímanum fara stelpurnar að gera það sjálfar. Þetta síast inn.

STELPUR geta alveg lært að forrita, setja upp internet og heimasíður. Margar kunna það meira að segja vel. Þær eru bara sjaldan beðnar um það.

OG stelpur grípa ekki fram í, þær mótmæla ekki og þær hlæja að bröndurum strákanna. Þannig er það og það er viðurkennt. Mér líður meira að segja illa yfir að skrifa um þetta, af ótta við að einhver hugsi: „ógeðslega er hún góð með sig.“

Leikstjórinn hringdi frá LA á forsýningu

Kvikmyndin Only God Forgives var forsýnd í Laugarásbíó á mánudagskvöld.

Kvikmyndin Only God Forgives var forsýnd í Laugarásbíó á mánudagskvöld. Fjöldi fólks sótti sýninguna og hélt Þórir Snær Sigurjónsson, framleiðandi myndarinnar, stutta tölu áður en sýning hófst. Leikstjórinn, Daninn Nicolas Winding Refn, kastaði einnig kveðju á mannskapinn í gegnum síma, en hann var staddur í Los Angeles. Kvikmyndin skartar Ryan Gosling, Kristin Scott Thomas og Vithaya Pansringarm í aðalhlutverkum.

- sm

GLAÐLEG Óttar Proppé, þingmaður Bjartrar framtíðar, mætti á sýninguna ásamt Svanborgu.

GÓÐIR GESTIR Arnþrúður Dögg Sigurðardóttir og Rebekka Jóhannsdóttir voru á meðal gesta.

MEÐ SNARL Í HENDI Orri Freyr Rúnarsson og Jóhann Már Helgason fengu sér snarl fyrir sýninguna.

FJÖLMIÐLAMENN Frosti Logason, Þorkell Máni Pétursson og Sigmar Vilhjálmsson voru kátir.



KÁTIR Ágúst Bent Sigbertsson ásamt vini sínum.

Í SÓLSKINSSKAPI Helga Lind Mar og María Rut Kristinsdóttir voru glaðlegar á að líta.

LEIKARAPAR Unnur Ösp Stefánsdóttir og Björn Thors voru á meðal gesta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

BÍÓ★PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS — ÍSLANDS Kvikmyndamiðstöð Íslands/Film Centre
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS

SKÓLATILBOÐ

Fartölvur í miklu úrvali

79.989

Verð áður 109.989

ASUS F501A-XX289H
- Fartölva með Intel Core i3 2350M örgjörva
- 4GB DDR3 minni
- 320GB SATA harðdiskur
- 15.6" WXGA LED skjár
- Intel HD Graphics 3000 skjákort
- Netkort - Gigabit 10/100/1000 netkort
- 300Mbps þráðlaust netkort og Bluetooth 4.0
- Windows 8 64-BIT stýrikerfi
- USB 2.0, USB 3.0, HDMI, VGA, kortalesari o.fl.
- Li-ion rafhlaða, ending allt að 5 tímar

Opið laugardag, en lokað á sunnudag og mánudag!

MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

Björn mun ekki semja við annað félag

FÓTBOLTI Björn Jónsson hefur farið þess á leit við stjórn knattspyrnudeildar KR að fá að yfirgefa félagið í félagaskiptaglugganum sem lokar á miðnætti í kvöld. Björn telur ekki líklegt að hann gangi í raðir annars félags síðar í dag.

„Ég hef í raun ekki hugmynd um hvað er í gangi hjá KR og hef ekkert heyrt í neinum þar," segir Björn.

Leikmaðurinn hefur verið frá allt tímabilið vegna meiðsla.

„Það hafa nokkur félög haft samband við mig en ég kærði mig ekki um að svara þeim, þar sem ég veit ekkert um framtíð mína. Eins og staðan er í dag er ég leikmaður hjá KR. Ég hef samt sem áður tjáð þeim að ég vilji yfirgefa klúbbinn."

Björn hefur æft einn nánast allt tímabilið og stefnir á endurkomu á næsta tímabili.

„Samningur minn við KR rennur út í október og líklega mun ég finna mér nýtt félag eftir tímabilið. Það er í raun útilokað að skipta um klúbb upp úr þessu."

Björn gekk í raðir Heerenveen árið 2006, þá 16 ára gamall og þótti mikið efni. Hann kom til KR 2011. -sáp

Þetta einvígi er enn þá galopið

FÓTBOLTI „Við lögðum upp með það að spila sterkan varnarleik og það gekk að mestu leyti upp," sagði Ólafur Páll Snorrason, fyrirliði FH, eftir tapið gegn Austria Vín í þriðju umferð í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í gær.

Austria Vín vann leikinn í gær 1-0 en eina mark leiksins gerði Daniel Royer í fyrri hálfleiknum. Síðari leikurinn fer fram á Kaplakrikavelli eftir viku.

„Fyrirfram hefðum við líklega tekið því að tapa með einu marki og því erum við bara svona þokkalega sáttir við úrslitin."

Atli Guðnason, leikmaður FH, fékk frábært færi rétt á fjórðu mínútu leiksins en markvörður Austria Vín varði skot hans vel.

„Ef við hefðum náð inn marki í byrjun leiksins þá hefði það haft mikil áhrif á spilamennsku Austria Vín og leikurinn hefði orðið mun opnari."

„Við skiljum þetta einvígi eftir þannig að við eigum góða möguleika á heimavelli."

„Tímabilið er rétt hafið hjá Austria Vín og það er eitthvað sem við verðum að nýta okkur. Við erum komnir af stað fyrir löngu og það gæti hjálpað okkur í síðari leiknum. Við þurfum bara fullan Kaplakrika, góðan stuðning og þá er allt hægt," segir Ólafur Páll. - sáp

MÖGULEIKI FH getur með stórleik komist áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

PEPSI DEILD KVENNA

ÚRSLITIN Í GÆR

FH - PÓR/KA 2-2
0-1 Thanai Lauren Annis (12.), 1-1 Ashlee Hincks (32.), 2-1 Hugrún Elvarsdóttir (75.), 2-2 Thanai (90.).

ÍBV - STJARNAN 0-3
0-1 Soffía Arnþrúður Gunnarsdóttir (13.), 0-2 Elva Friðjónsdóttir (35.), 0-3 Megan Anne Lindsey (83.).

AFTURELDING - VALUR 0-1
0-1 Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir (87.).

BREIÐABLIK - HK/VÍKINGUR 3-0
1-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (73.), 2-0 Rakel Hönnudóttir (83.), 3-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (90.).

SELFOSS - PRÓTTUR R. 4-2
0-1 Margrét María Hólmarsdóttir (22.), 1-1 Svana Rún Hermannsdóttir (27.), 2-1 Guðmunda Brynja Óladóttir (29.), 3-1 Valorie Nicole O´Brien (42.), 3-2 Ásgerður Arna Pálsdóttir (77.), 4-2 Guðmunda Brynja Óladóttir (84.).

STAÐAN

Stjarnan	10	10	0	0	35-3	30
Breiðablik	10	7	1	2	24-11	22
Valur	10	6	2	2	31-12	20
ÍBV	10	6	1	3	28-18	19
Selfoss	10	5	1	4	15-7	16
Þór/KA	10	3	4	3	19-16	13
FH	10	3	3	4	23-26	12
Afturelding	10	2	1	7	7-26	7
HK/Víkingur	10	1	1	8	11-34	4
Þróttur R.	10	0	0	10	6-32	0

LÁNAÐUR Hörður leikur í næstefstu deild Ítalíu á næsta tímabili. MYND/GETTY

Hörður fer á lán til Spezia

FÓTBOLTI Hörður Björgvin Magnússon, leikmaður Juventus, hefur verið lánaður til ítalska B-deildarliðsins Spezia út næsta tímabil. Leikmaðurinn fór til Juve árið 2011 frá Fram þar sem hann er alinn upp.

Þessi tvítugi varnarmaður hefur æft með varaliði Ítalíumeistaranna síðastliðið ár auk þess sem hann hefur einnig verið viðloðandi aðalliðið.

Spezia hafnaði í 13. sæti B-deildarinnar á síðustu leiktíð en þá var liðið á sínu fyrsta tímabili í deildinni. - sáp

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010

Beið í níu ár eftir risakastinu

Guðmundur Sverrisson úr ÍR er nýjasti meðlimur áttatíu metra félags spjótkastara á Íslandi. Jarðfræðineminn kastaði 80,66 metra um helgina sem hefði dugað honum til þátttöku á Ólympíuleikunum í London.

FRJÁLSAR „Æfingarnar höfðu gengið þannig og sjálfstraustið var alveg í botni eftir gott gengi," segir Guðmundur Sverrisson, 23 ára spjótkastari hjá ÍR. Guðmundur kastaði í fyrsta skipti yfir áttatíu metrana á Meistaramóti Íslands á Akureyri um helgina. Spjótið flaug 80,66 metra en enginn Íslendingur hafði kastað svo langt í um tvo áratugi.

„Ég er búinn að hugsa um 80 metrana síðan ég byrjaði í frjálsum 14 ára gamall," segir Guðmundur sem skottaðist með félaga sínum á æfingu hjá ÍR í Breiðholtinu. Hann hafði ekki æft neinar íþróttir þegar þar var komið sögu en tók ástfóstri við spjótið.

„Þetta hefur verið stóra markmiðið síðan ég var lítill og nú datt það inn. Það er mjög súrrealískt," segir Guðmundur um metrana áttatíu.

Einar er góður sálfræðingur

Guðmundur tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn þriðja árið í röð um helgina en bæting hans undanfarin tvö ár hefur verið með ólíkindum. Sumarið 2011 sigraði Guðmundur með kasti upp á 65,48 metra og í fyrra var sigurkastið 72,11 metrar. Guðmundur segist hafa bætt sig tíu sinnum á síðasta ári og fimm sinnum í ár. Aðspurður um hvað valdi nefnir hann þjálfara sinn og Íslandsmethafann, Einar Vilhjálmsson, til sögunnar.

„Hann á jafnmikið í þessum árangri og ég," segir Guðmundur sem hefur æft undir leiðsögn Einars í rúmlega tvö ár. Einar var í þjálfarateyminu norðan heiða um helgina og Guðmundur segir hafa skipt miklu að Einar var á svæðinu.

„Hann veit allt. Svo er hann líka svo góður sálfræðingur. Veit alveg hvað hann á að segja til að koma í gang ef eitthvað gengur illa. Það er líklega hans besti styrkur. Hann er mjög góður að meðhöndla alls konar tiktúrur hjá íþróttamönnum."

Nemur jarðfræði

Guðmundur nemur jarðfræði í Háskóla Íslands en stóran hluta ævinnar hefur hann varið í sveit. Hann varði flestum sumrum í Skorradal í æsku og fór auk þess í sauðburð til Alla og Dúnu á Húsatóftum á Skeiðum.

„Áhuginn á jarðfræðinni kviknaði líklega á labbi um fjöll og firnindi," segir Guðmundur sem ætlar sér stóra hluti í spjótkastinu. Hann er nú þriðji kastlengsti spjótkastari Íslandssögunnar á eftir Einari og Sigurði Einarssyni.

„Siggi Matt (Matthíasson) hringdi í mig laugardaginn og sagði: „Er þetta númer þrjú?"" segir Guðmundur sem er kærkominn viðbót í áttatíu metra klúbbinn sem hefur nú fjóra meðlimi.

Ætlar til Ríó 2016

Guðmundur nefnir þolinmæði til sögunnar þegar hann er beðinn um að lýsa kostum sínum.

„Ef þú ætlar að ná langt í einhverju þarftu að plana, halda þig við það og vera þolinmóður. Hlutirnir ganga ekki alltaf," segir Guðmundur. Meiðsli eru afar tíð hjá spjótkösturum og hefur ÍR-ingurinn fengið sinn skerf.

„Ég hef verið slæmur í olnboganum síðan 2007. Ég fór í uppskurð árið 2007 en hef aldrei orðið góður," segir Guðmundur. Hann sættir sig við að olnboginn muni angra hann en bætir þó við að hann hafi verið minna til trafala undanfarið. Hann horfir björtum augum fram á veginn og bendir á að kastið sitt hefði dugað honum til þátttöku í Ólympíuleikunum í London síðastliðið sumar. Hugurinn leitar á stærsta íþróttavettvang heimsins.

„Maður verður alltaf að láta sig dreyma. En svo þarf maður að setja sér markmið og standa við þau. Það er klárlega markmið að fara á Ólympíuleikana í Ríó 2016," segir Guðmundur. Markmiðið er svo sannarlega raunhæft enda ÍR-ingurinn ungur á kastmælikvarða.

„Tölfræðin segir að eftir því sem þú nálgast þrítugsaldurinn verðir þú betri."

kolbeinntumi@365.is

AKUREYRI Guðmundur í eldínunni norðan heiða um helgina. Hann ætlar á EM í Sviss næsta sumar og hefur þegar náð lágmarkinu. MYND/BENEDIKT H. SIGURGEIRSSON

80 metra klúbburinn

1. Einar Vilhjálmsson (ÍR) 86,80 m 1992
2. Sigurður Einarsson (Ármann) 84,94 m 1991
3. Guðmundur Sverrisson (ÍR) 80,66 m 2013
4. Sigurður Matthíassson (UMSE) 80,50 m 1991

Dagný fótbrotnaði gegn Þjóðverjum

Hetja landsliðsins á EM í Svíþjóð lék fótbrotin þegar hún skoraði markið mikilvæga gegn Hollendingum.

FÓTBOLTI Landsliðskonan Dagný Brynjarsdóttir fótbrotnaði í leiknum gegn Þjóðverjum á EM í Svíþjóð þann 14. júlí en Ísland tapaði leiknum 3-0. Dagný lét ekki segjast og lék næstu tvo leiki með íslenska landsliðinu. Leikmaðurinn skoraði meðal annars markið gegn Hollendingum sem kom íslenska liðinu í 8-liða úrslitin. „Ég fékk spark í leiknum gegn Þjóðverjum og nú kemur það í ljós að ég hafði brotið bátsbeinið rétt fyrir neðan ökkla," segir Dagný í samtalið við Fréttablaðið í gær.

„Læknarnir segja að ég verði frá í að minnsta kosti sex vikur og allt upp í tólf. Ég hef ekkert gert síðan ég kom heim frá Svíþjóð en vonandi get ég byrjað að æfa aftur í september," segir Dagný sem heldur út til Bandaríkjanna á sunnudaginn þar sem hún stundar nám við Flórída State-háskólann.

„Ég var alltaf á leiðinni út um helgina og tímabilið mitt hér á Íslandi var hvort sem er búið." Dagný Brynjarsdóttir er á þriðja ári í náminu ytra en hefur leikið með Val á sumrin þar sem hún er alin upp.

„Mig verkjaði mikið eftir leikinn gegn Þjóðverjum og hélt að það væri eitthvað alvarlegt að. Síðan fór mér allt í einu að líða betur og gat tekið þátt í leiknum gegn Hollandi. Svona eftir á að hyggja tel ég að þar hafi bara adrenalínið keyrt mig áfram. Í leiknum gegn Svíþjóð var ég alveg að drepast," segir Dagný en íslenska landsliðið í knattspyrnu féll úr leik í 8-liða úrslitum EM.

Dagný er ekki í gifsi né á hækjum og eru meiðslin nokkuð sérstök. Hún gengur eðlilega og finnur ekki mikið til nema undir miklu álagi. Hún má því ekki skokka og alls ekki fara inn á knattspyrnuvöllinn næstu vikurnar.

„Ég finn stundum til en þetta hefur skánað töluvert núna á einni viku. Vonandi heldur sú þróun áfram." - sáp

BROTIN Dagný verður frá keppni næstu vikurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ÞAÐ HEFUR ALDREI

hljómað BETUR

AÐ VERA ÁSKRIFANDI AÐ STÖÐ 2

Nú fá áskrifendur Stöðvar 2 fría þriggja mánaða áskrift að Tónlist.is. Þar finnur þú alla uppáhaldstónlistina þína!

- Frábært úrval af íslenskri og erlendri tónlist
- Mikið úrval af íslensku barnaefni
- Notendavænt viðmót, auðvelt að gera lagalista
- Bæði sem app og á netinu

Kynntu þér málið og skráðu þig á tonlist.is

Frítt!
ÞRIGGJA MÁNAÐA ÁSKRIFT AÐ Tónlist.is

Með mánaðaráskrift er hægt að hlusta á alla tónlist og búa til lagalista. Gjald er tekið ef lögum er halað niður til eignar. Almennt mánaðargjald er 1.690 kr.

Áskrifendur að Stöð 2, Stöð 2 Sport, Stöð 2 Sport 2 eða Stöð 2 Fjölvarp fá fría áskrift af tónlist.is

FÍTON / SÍA

DAGSKRÁ

Stöð 2 Sport 2 kl. 16.10
Audi Cup 2013

Undirbúningur stórliðanna fyrir komandi keppnistímabil er í fullum gangi og í dag og á morgun sýnir Stöð 2 Sport 2 beint frá Audi Cup 2013 sem fram fer í München í Pýskalandi. Fjörið hefst klukkan 16.10 með beinni útsendingu frá leik Manchester City og AC Milan en klukkan 18.25 mæta síðan Evrópumeistarar Bayern München til leiks og leika við brasilíska liðið Sao Paulo. Úrslitaleikirnir fara síðan fram á sama tíma á morgun.

Í KVÖLD

New Girl

STÖÐ 2 KL. 20.20 Önnur þáttaröðin af þessum frábæru gamanþáttum sem fjalla um Jess og þrjá skemmtilega en ólíka sambýlismenn hennar. Jess og sambýlingar hennar unnu hug og hjörtu áhorfenda svo nú lítur önnur þáttaröðin dagsins ljós.

TV.COM 8,0 IMDb 7,8

Private Practice

RÚV 20.05 Bandarísk þáttaröð um líf og störf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Líf læknanna er ekki alltaf dans á rósum og ýmislegt getur komið upp, bæði í einkalífi og starfi.

TV.COM 8,4 IMDb 5,8

Psych

SKJÁR 1 KL. 20.25 Bandarísk þáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. Raunveruleikastjarna úr The Bachelorette lendir í slysi en til þess að rannsaka málið verða þeir að skrá sig til leiks á fölskum forsendum.

TV.COM 8,9 IMDb 8,2

Bylgjan kl.16.00
Reykjavík síðdegis

Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson færa þér fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Það er fátt sem drengirnir láta fram hjá sér fara og þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar.

SPORT 2 HD STÓRLEIKUR Í DAG

RISARNIR MÆTAST Á AUDI CUP 2013

Það er komið að undanúrslitum í Audi Cup. Í dag mætir Balotelli fyrrum félögum sínum þegar Manchester City og AC Milan eigast við. Í seinni undanúrslitaleiknum taka Evrópumeistararnir í Bayern München á móti léttleikandi Brössum frá Sao Paulo. **Ekki missa af þessum toppleikjum í leiftrandi háskerpu á Stöð 2 Sport 2!**

SPORT 2 HD **Í KVÖLD KL 18:25**
BAYERN MUNCHEN - SAO PAULO

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is

SPORT 2 HD

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.10 Malcolm in the Middle *(13:22)*
08.30 Ellen *(11:170)*
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors *(35:175)*
10.15 Glee *(5:22)*
11.00 Spurningabomban *(4:21)*
11.50 Grey's Anatomy *(22:24)*
12.35 Nágrannar
13.00 Kalli Berndsen - í nýju ljósi *(7:8)*
13.25 Covert Affairs *(9:11)*
14.10 Chuck *(7:24)*
14.55 Last Man Standing *(4:24)*
15.40 Tricky TV *(22:23)*
16.05 Kalli kanína og félagar
16.25 Ellen *(12:170)*
17.10 Bold and the Beautiful
17.32 Nágrannar
17.57 Simpson-fjölskyldan *(5:22)*
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.06 Veður
19.15 The Big Bang Theory *(2:24)*
19.35 Modern Family Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna.
20.00 2 Broke Girls *(9:24)*
20.20 New Girl *(20:25)*
20.45 Dallas Önnur þáttaröðin þar sem saga Ewing-fjölskyldunnar heldur áfram.
21.30 Lærkevej *(10:10)*
22.15 Miami Medical *(6:13)* Magnaðir dramaþættir þar sem fylgst er með lífi og störum lækna á bráðamóttöku í Miami.
23.00 Revolution *(18:20)*
23.40 Breaking Bad *(6:8)*
00.25 Vice *(10:10)*
00.55 Grimm *(16:22)*
01.40 Cinema Verite
03.10 Fringe *(18:22)*
03.55 Dallas
04.40 2 Broke Girls *(9:24)*
05.05 Malcolm in the Middle *(13:22)*
05.30 Fréttir og Ísland í dag

Popptíví

19.00 Friends *(9:24)*
19.25 Two and a Half Men *(2:24)*
19.45 The Simpsons *(15:22)*
20.10 The O.C. 2 *(4:24)*
20.50 The Secret Circle *(21:22)*
21.35 The Secret Circle *(22:22)*
22.20 Breakout Kings *(11:13)*
23.05 Breakout Kings *(12:13)*
23.45 Breakout Kings *(13:13)*
00.30 The O.C. 2 *(4:24)*
01.15 The Secret Circle *(21:22)*
01.55 The Secret Circle *(22:22)*
02.35 Breakout Kings *(11:13)*
03.15 Breakout Kings *(12:13)*
04.00 Breakout Kings *(13:13)*
04.45 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

INN

20.00 Árni Páll **20.30** Tölvur, tækni og kennsla **21.00** Veiðin og Bender **21.30** Á ferð og flugi

SPORT *besta sætið*

07.00 ÍBV - Stjarnan
17.30 Sumarmótin 2013
18.15 Meistaradeild Evrópu. Dortmund - Man. City
19.55 ÍBV - Stjarnan
21.35 Meistaradeild Evrópu. Celtic - Spartak Moskva
23.25 Pepsi-mörkin 2013

SPORT 2 *enski boltinn*

16.10 Audi Cup 2013 Bein útsending frá leik Manchester City og AC Milan.
18.25 Audi Cup 2013 Bein útsending frá leik Bayern Munchen og Sao Paulo.
20.30 Premier League World
21.00 Audi Cup 2013 Útsending frá leik Manchester City og AC Milan.
22.40 Audi Cup 2013 Útsending frá leik Bayern Munchen og Sao Paulo.

krakkar

11.40 Lalli **11.45** Refurinn Pablo **11.50** Litlu Tommi og Jenni **12.15** Svampur Sveinsson **12.35** Dóra könnuður **13.00** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.25** Strumparnir **13.45** Waybuloo **14.05** Áfram Diego, áfram! **14.30** Fjörugi teiknimyndatíminn **14.55** Histeria! **15.15** Doddi litli og Eyrnastór **15.25** Ofuröndin **15.50** Lalli **15.55** Lalli **16.00** Refurinn Pablo **16.05** Litlu Tommi og Jenni **16.30** Svampur Sveinsson **16.50** Dóra könnuður **17.15** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.40** Strumparnir **18.00** Waybuloo **18.20** Áfram Diego, áfram! **18.45** Histeria! **19.05** Fjörugi teiknimyndatíminn **19.25** Doddi litli og Eyrnastór **19.35** Ofuröndin

GULL

20.00 Einu sinni var *(15:22)*
20.30 Örlagadagurinn *(8:30)*
21.05 Grey's Anatomy
21.50 Lois and Clark *(5:22)*
22.35 Einu sinni var *(15:22)*
23.05 Örlagadagurinn *(8:30)*
23.40 Grey's Anatomy
00.25 Lois and Clark *(5:22)*
01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

BÍÓ

12.25 Ramona and Beezus
14.05 Next Avengers: Heroes of Tomorrow
15.25 Limitless
17.10 Ramona and Beezus
18.55 Next Avengers: Heroes of Tomorrow
20.15 Limitless
22.00 Beyond A Reasonable Doubt
23.45 Volcano
01.25 Unstoppable
03.05 Beyond A Reasonable Doubt

RÚV

16.10 Golfið *(7:13)*
16.40 Læknamiðstöðin *(17:22)*
17.25 Franklín *(65:65)*
17.50 Geymslan *(11:28)*
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Frá Svíþjóð til himins *(4:8)*
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Hrefna Sætran grillar *(5:6)*
20.05 Læknamiðstöðin *(2:13) (Private Practice)*
20.50 Minnisverð máltíð – Sören Brix *(7:7) (En go' frokost)*
21.05 Lottóhópurinn *(3:5) (The Syndicate)* Breskur myndaflokkur.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Kvöldstund með Jools Holland *(Later with Jools Holland)* Tónlistarmenn og hljómsveitir stíga á svið og taka lagið í þætti breska pianóleikarans Jools Holland. Í þessum þætti koma fram Jamiroquai, KT Tunstall, Delta Spirit, Everything Everything, Ray LaMontagne, Mama Rosin og Harry Enfield.
23.25 Engill Leikstjóri: Haraldur Sigurjónsson. Vinningsmynd í handrita- og leikstjórnardeild Kvikmyndskóla Íslands 2010.
23.40 Tónleikar frú Carey *(Mrs Carey's Concert)*
01.15 Fréttir
01.25 Dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.10 America's Funniest Home Videos *(13:44)*
07.35 Everybody Loves Raymond *(18:25)*
08.00 Cheers *(4:25)*
08.25 Dr. Phil
09.10 Pepsi MAX tónlist
16.50 The Good Wife *(10:22)*
17.35 Dr. Phil
18.20 Britain's Next Top Model *(8:13)*
19.10 America's Funniest Home Videos *(14:44)*
19.35 Everybody Loves Raymond *(19:25)*
20.00 Cheers *(5:25)*
20.25 Psych *(12:16)*
21.10 Blue Bloods - LOKAÞÁTTUR *(23:23)*
22.00 Common Law - LOKAÞÁTTUR *(12:12)*
22.45 The Borgias *(4:10)*
23.30 House of Lies *(6:12)*
00.00 Leverage *(9:16)*
00.45 Lost Girl *(18:22)*
01.30 Excused
01.55 Blue Bloods *(23:23)*
02.45 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **07.20** RBC Canadian Open **2013** *(3:4)* **11.50** Golfing World **12.40** Golfing World **13.30** RBC Canadian Open **2013** *(3:4)* **18.00** Golfing World **18.50** Presidents Cup Official Film **2009** *(1:1)* **19.40** The Open Championship Official Film **1979** **20.**40 Champions Tour - Highlights *(15:25)* **21.35** Inside the PGA Tour *(31:47)* **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights *(27:45)* **23.45** ESPN America

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn
FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

Allt í ferðalagið

ÚTSALA
20 - 80%
AFSLÁTTUR

GOTT VERÐ!

VÍKUR
V • E • R • K

VÍKURVERK – ALLT Í FERÐALAGIÐ!

VÍKURVERK EHF - VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - SÍMI 557 7720 - WWW.VIKURVERK.IS

SUMARFRÍIÐ

„Ég er búin í sumarfríi en ég fór til Djúpuvíkur til mömmu og pabba og fór á sjóstöng og í fjallgöngu.“

Kidda Svarfdal, eigandi og ritstjóri hun.is

Auglýsa eftir berbrjósta konum í kór

Fimm stúlkur setja upp frumsamið verk sem kallast Dætur á Reykjavík Dance Festival í lok ágúst.

Elísabet Birta Sveinsdóttir, Anna Kolfinna Kuran, Hjördís Gestsdóttir, Halla Þórðardóttir og Herdís Stefánsdóttir skipa sviðslistahópinn Dætur sem kemur til með að taka þátt í Reykjavík Dance Festival í lok ágústmánaðar með frumsömdu verki sínu sem mun einnig bera nafnið Dætur.

Anna Kolfinna Kuran, dansari og einn höfunda verksins, segir mikið verða lagt í sýninguna.

„Þetta er á algjöru byrjunarstigi. Við erum styrktar af Evrópu unga fólksins, en það nægir ekki

ANNA KOLFINNA KURAN Anna er einn höfunda og flytjenda dansverksins DÆTUR. MYND/ANNA KOLFINNA

verkinu í heild sinni. Þannig að eins og er ætlum við bara að sýna verk í vinnslu á Reykjavík Dance Festival,“ segir Anna Kolfinna.

En verkið hefur verið í smíðum um nokkra hríð og byggir á reynslusögum kvenna um tabú í samfélaginu. Í því samhengi nefnir Anna Kolfinna brjóst kvenna.

„Verkið byggir á kvenlægum tabúum í okkar samfélagi, sem við höfum upplifað persónulega eða konur í kringum okkur. Við erum að reyna að safna að okkur ýmsum sögum. Til dæmis eru brjóst ávallt sett í kynferðislegan búning þannig að við erum meðal annars að reyna að berjast gegn því.“

„Við erum til dæmis að safna í berbrjósta kór. Markmiðið er að fá þrjátíu konur í það, ef það gengur eftir,“ segir Anna Kolfinna.

Elísabet Birta, Anna Kolfinna og Halla Þórðardóttir munu flytja verkið. Hjördís sér um búninga og Herdís um tónlistina.

„Þetta er hugverk okkar allra og ég hlakka til að þróa það og sýna svo,“ segir Anna Kolfinna að lokum. **- ósk**

EIGNAMIÐLUN

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

Frá 1957

Sala fasteigna í 55 ár

Elsta starfandi fasteignasala landsins

Bakkagerði 1 108 RVK- m. aukaíbúð

3ja hæða steinhús í lítilli botnlangagötu með aukaíbúð í kjallara og bílskúr. Samtals stærð er 230,2 fm. Húsið er 3ja herbergja íbúð kjallara og efri hæð og ris ásamt bílskúr. Bílskúr við hlið hússins er 36 fm. **Eignin verður sýnd miðvikudaginn 31. júlí milli kl. 12:00 og kl. 12:30.**

V. 47 m. 3050

Langabrekka 12 - allt að þrjár íbúðir

Einbýlishús, kjallari og tvær hæðir ásamt bílskúr. Samtals birt stærð er ca 313 fm. Í dag eru tvær aukaíbúðir í kjallara. Bílskúr er 43,0 fm. Húsið hefur verið mikið endurnýjað að innan og þá aðall. tvær efri hæðirnar. Stórar þaksvalir með glæsilegu útsýni. **Eignin verður sýnd miðvikudaginn 31. júlí milli kl. 12:00 og kl. 12:30. V. 52 m.** 3049

Furuvellir 39 - einbýlishús

Fallegt mjög vel skipulagt 220 fm einbýli á einni hæð m. innb. 35 fm bílskúr. Allt að 5 svefnherb. Góðar innréttingar. Parket og flísar. Stór afgirt timburverönd. Húsið er laust strax og sýna sölumenn eignina. **Eignin verður sýnd miðvikudaginn 31. júlí milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 47,5 m.** 3045

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Eggert brátt til sölu í Anthropology

Bókin Paintings, með verkum eftir Eggert Pétursson, verður fáanleg í bandarísku verslunarkeðjunni. Ekki eru til nógu margar bækur til að uppfylla pöntunina.

„Við höfum selt bækur í Bandaríkjunum í bráðum fjögur ár og erum með alþjóðlega dreifingu á bókum, meðal annars í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu. Dreifingaraðili okkar í Bandaríkjunum einbeitir sér að dreifingu listaverka-, hönnunar- og ljósmyndabóka og hann sá um að loka þessum samningi,“ segir Kristján B. Jónasson, útgefandi hjá Crymogea. Bókin Paintings, með verkum listamannsins Eggerts Péturssonar, sem Crymogea gaf út í lok síðasta árs, verður brátt til sölu í bandarísku lífsstílsverslunarkeðjunni Anthropologie.

Að sögn Kristjáns eru aðeins fáar bækur valdar til sölu í verslunum Anthropology ár hvert. Allt núverandi upplag bókarinnar verður sent til sölu í Anthropology, ef frá er talin harðspjaldaútgáfa sem prentuð var sérstaklega fyrir innlendan markað, þó hefur eftirspurninni ekki verið annað.

„Við getum ekki uppfyllt alla pöntunina. Þeir hafa beðið um mörg þúsund bækur, sem við eigum ekki til. Við eigum eitthvað um fimm hundruð bækur sem við sendum út núna,“ útskýrir Kristján. Hver bók verður seld á um 100 dollara, sem samsvarar um 12 þúsund íslenskum krónum.

Aðspurður segir Kristján þetta koma sér vel bæði fyrir útgáfuna og listamanninn sjálfan. „Anthropology er alltaf að leita að bókum og við erum með nokkra titla sem við erum að þróa á ensku. Það skiptir okkur miklu máli að vera komin í samband við aðila sem er kannski að kaupa bækur í nokkur þúsund eintökum,“ segir Kristján og bætir við: „Eggert er lítið þekktur í Bandaríkjunum en þetta gæti breytt því enda nær bókin til hóps sem hefði annars ekki kynnst hans verkum,“ segir hann að lokum.

sara@frettabladid.is

GLEÐIEFNI Kristján B. Jónasson, útgefandi hjá Crymogea, segir þetta opna útgáfunni og listamanninum margar dyr. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

KEÐJA Í EIGU URBAN OUTFITTERS

Fyrsta Anthropology-verslunin var stofnuð í Wayne í Pennsylvaníu árið 1992. Keðjan er í eigu fyrirtækisins UOI, þeirra sömu og eiga Urban Outfitters. Fyrirtækið hefur dafnað hratt á síðustu árum og rekur nú 175 verslanir víða í Bandaríkjunum. Hugmyndin að baki verslananna er að þar geti viðskiptavinurinn keypt fatnað, fylgihluti, gjafavöru og húsgögn í einni og sömu versluninni.

Tónlist Ylju í bresku brúðkaupi

Par sem trúlofaði sig hér á landi ætlar að ganga upp að altarinu við lag Ylju.

„Þetta var alveg mjög skemmtilegt. Við eigum enskan texta við lagið svo ætli við sendum það ekki á hana,“ segir Guðný Gígja Skjaldardóttir úr hljómsveitinni Ylju, en hljómsveitarmeðlimum bárust skemmtileg skilaboð á Facebook á dögunum. Bresk kona setti sig í samband við hljómsveitina og tjáði þeim að frændi sinn og kærasta hans hefðu nýverið heimsótt Ísland og hann gert sér lítið fyrir og beðið stúlkunnar í Bláa lóninu. Daginn eftir hafði hið nýtrúlofaða par síðan farið í íslenska plötuverslun þar sem starfsmaðurinn mælti með plötu Ylju sem samnefnd er sveitinni. Nú styttist í sjálft brúðkaupið og hefur hin tilvonandi brúður ákveðið að ganga upp að altarinu meðan hið vinsæla lag hljómsveitarinnar, Út, hljómar.

SKEMMTILEG SKILABOÐ Pær Guðný Gígja Skjaldardóttir og Bjartey Sveinsdóttir eru forsprakkar hljómsveitarinnar Ylju. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

„Konan spyr svo hvort við eigum ekki mögulega enskan texta við lagið. Íslenska lagið er ekki beint ástarlag, textinn er kannski svolítið mikið bull og grín hjá okkur Bjarteyju. En við fengum strák til þess að þýða þetta yfir á ensku og hann gerði þetta að hálfgerðu ástarlagi,“ segir Guðný Gígja. Hún segir að hljómsveitin hafi haft í nógu að snúast í sumar en nýverið fjölgaði meðlimum hennar um tvo. „Nú erum við orðin fimm en við erum búin að vera þrjú frá árinu 2011. Við höfðum lengi leitað að bassaleikara og fengum svo litla frænda minn til þess að taka það sér. Eins höfðum við Bjartey sjálfar séð um að spila aðeins á trommur en ákváðum svo að fá annan í verkið,“ segir Guðný Gígja. **- ka**

ÚTSÖLUMARKAÐUR HÁTÆKNI

HÖFUM BÆTT VIÐ NÝJUM VÖRUM

Sjónvörp, heimabíó, hljómflutningstæki, farsímar, ísskápar, eldavélar, þvottavélar, tölvur, tölvuaukahlutir, brauðristar, kaffivélar, aukahlutir fyrir farsíma, talstöðvar, útvarpsvekjaraklukkur, fartölvutöskur, tölvuleikir, leikjatölvur og margt fleira.

ALLT AÐ **80%** AFSLÁTTUR!

Nýbýlavegi 6 – Opnunartími mánudaga–föstudaga 12–19, laugardaga 12–17

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 132175

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Dúett í brúðkaupi

Tónlistarfólkið **Bjarni Sigurðsson** gítarleikari í Mínus og söngkonan **Þórunn Antonía** vöktu lukku með sameiginlegu atriði á laugardaginn. Vettvangurinn var brúðkaup Hildar Sifjar Kristborgardóttur, ritstjóra tímaritsins Volgs, og Elífs Arnar Þrastarsonar. Þórunn og Bjarni sungu dúett í veislunni **- ósk**

Spennusagnahöfundur í holdinu

Verslunarmannahelgin er að renna upp og margir Íslendingar á leið út á land. Sala á spennusögum margfaldast fyrir ferðahelgina miklu, og því eru bókaforlögin í óða önn að byrgja sig upp af bókum til að fylgja fólki í sveitasæluna. Útgáfustjóri Bjarts, **Guðrún Vilmundardóttir**, er ein þeirra sem bíður í ofvæni eftir nýrri sendingu spennusagna. „Ég er nánast farin að telja fulltrúum Eimskipa trú um að Dan Brown sjálfur, í holdinu, sé á bretti í þeirra skipalest, það er nú ekki gaman fyrir amerískan sjéntilmann að húka þar, svo ég vil endilega að hann verði tollaður um leið og Dettifoss leggur að," segir Guðrún. **- ósk**

Mest lesið vísir

1. Denzel ekkert lamb að leika sér við
2. Kvartað undan ógleði eftir hótelgistinguna
3. Ábendingar um Friðrik hafa engu skilað
4. Elín Hirst sakar RÚV um hlutdrægni í gallabuxnamálinu
5. Blýkista fannst rétt hjá Ríkharði þriðja

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið